

# Skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu fyrir árið 2020

Sjóvá-Almennar tryggingar hf.



## EFNISYFIRLIT

---

Samantekt .....	3
A Rekstur og afkoma .....	6
A.1 Rekstur .....	6
A.2 Árangur í váttryggingastarfsemi .....	9
A.3 Árangur af fjárfestingum .....	15
A.4 Árangur af annarri starfsemi .....	20
A.5 Aðrar upplýsingar .....	20
B Stjórnkerfi .....	21
B.1 Almennar upplýsingar um stjórnkerfi .....	21
B.2 Hæfilegar og viðeigandi kröfur .....	27
B.3 Áhættustýring og eigið gjaldþols- og áhættumat .....	27
B.4 Innra eftirlit hjá Sjóvá og regluvarsla .....	30
B.5 Starfssvið innri endurskoðanda .....	30
B.6 Starfssvið tryggingastærðfræðings .....	31
B.7 Útvistun .....	31
B.8 Aðrar upplýsingar um stjórnkerfi .....	31
C Áhættusnið .....	32
Samantekt áhættusniðs .....	32
C.1 Váttryggingaáhætta .....	32
C.2 Markaðsáhætta .....	35
C.3 Kröfuáhætta .....	38

C.4	Lausafjárahætta .....	40
C.5	Rekstraráhætta .....	41
C.6	Aðrar áhættur .....	42
D	Mat á gjaldþolsstöðu .....	43
D.1	Eignir .....	43
D.2	Vátryggingaskuld .....	44
D.3	Aðrar skuldir .....	49
D.4	Aðrar matsaðferðir .....	49
D.5	Aðrar upplýsingar .....	49
E	Eiginfjárstýring .....	50
E.1	Gjaldþol .....	50
E.2	Gjaldþolskrafa og lágmarksfjármagn .....	54
E.3	Notkun á „duration-based equity risk sub-model“ .....	55
E.4	Mismunur á niðurstöðum staðalreglu og eigin líkans .....	55
E.5	Krafa um lágmarksfjármagn ekki uppfyllt .....	55
E.6	Aðrar upplýsingar .....	55

## Samantekt

Sjóvá samstæðan starfar á váttryggingamarkaði og er alhliða váttryggingafélag með starfsemi á Íslandi á sviði skaða- og líftrygginga. Sjóvá-Almennar tryggingar hf. (Sjóvá) var stofnað 20. júní 2009. Sjóvá-Almennar líftryggingar hf. (Sjóvá líf) er dótturfélag Sjóvár og er allri daglegri starfsemi þess útvistað til móðurfélagsins. Félögin starfa m.a. samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 2/1995 og lögum um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016. Í skýrslu þessari er fjallað um samstæðuna í heild nema annað sé tekið fram.

Heildarhagnaður samstæðunnar hækkaði töluvert á milli áráanna 2019 og 2020, eða um rúmlega 38%, fór úr 3.853 m.kr. árið 2019 í 5.320 m.kr. árið 2020. Hagnaður á váttryggingastarfssemi lækkaði þó á milli ára en starfsemin skilaði engu að síður 1.968 m.kr. hagnaði, samanborið við 2.370 m.kr. árið á undan. Iðgjöld voru lægri en gert hafði verið ráð fyrir sem rekja má til samdráttar hjá fyrirtækjum í ferðaþjónustu annars vegar og endurgreiðslu iðgjalda í ökutækjatrýggingum einstaklinga í maí 2020 hins vegar en í heild hækkuðu iðgjöld um 1% á milli ára.


Hagnaður félagsins af fjárfestingastarfssemi nær tvöfaldaðist hins vegar á milli ára og nam hann 3.960 m.kr. árið 2020 samanborið við 2.040 m.kr. árið á undan.

Samsett hlutfall er einn þeirra mælikvarða sem horft er til þegar afkoma er mæld. Þar er mælt hvort iðgjöld tímabils nægi fyrir tjónum, endurtryggingum og rekstrarkostnaði. Fjárfestingatekjur eru ekki reiknaðar inn í samsett hlutfall. Samsett hlutfall samstæðunnar var 92% í árslok 2020.

Afkoma af fjárfestingum var langt umfram væntingar á árinu 2020 og skiluðu allir eignaflokkar góðri ávöxtun fyrir utan óskráð hlutabréf. Fjárfestingatekjur námu 5.274 m.kr. og var ávöxtun eignasafns félagsins 13,2%.

Í ljósi þeirrar óvissu sem skapaðist í tengslum við útbreiðslu COVID-19 veirunnar á alþjóðavísu og áhrifa hennar á hagkerfi heimsins voru horfur fyrir rekstrarárið 2020 felldar úr gildi og áætlaðar arðgreiðslur vegna rekstrarársins 2019 frestað á aðalfundi félagsins í mars 2020 og síðar fallið alveg frá þeim síðar um haustið. Í ár var svo ákveðið að birta ekki horfur félagsins fyrir afkomu af fjárfestingastarfssemi fyrir árið 2021 vegna áframhaldandi óvissu en horfur félagsins til váttryggingastarfssemi eru hinsvegar þær að afkoma er áætluð 2.100 m.kr. og samsett hlutfall 92% sem er í takt við niðurstöður undangenginna ára.


Gjaldþolshlutfall félagsins var 191% í árslok 2020, fyrir áætlaða arðgreiðslu. Helsta áhætta félagsins er váttryggingaáhætta og markaðsáhætta og voru nokkur áföll reiknuð og áhrif þeirra á gjaldþolshlutfall kannað.



Mynd 1 - Solvency II hlutfall næmnigreining m.v. árslok 2020

Fyrir ofan má finna mynd sem sýnir áhrif mismunandi sviðsmynda á gjaldþolshlutfall félagsins. Öll áföll voru skoðuð ein og sér þ.e. gert var ráð fyrir að allt annað myndi haldast óbreytt (einföldun). Bersýnilegt er að í öllum sviðsmyndum helst félagið yfir lögbundnu markmiði um gjaldþolshlutfall (100%). Sjá nánar í kafla C um áhættusnið félagsins.

Gjaldþol félagsins er 21.770 m.kr. (fyrir áætlaða arðgreiðslu) í árslok 2020 í samanburði við 16.783 m.kr. í árslok 2019. Skýrist aukningin af miklum hagnaði á árinu. Gjaldþolskrafa félagsins hækkaði einnig á sama tíma og skýrist hún helst af hækkun á markaðsáhættu vegna vaxtar í eignasafni og hækkunar á samhverfum aðlögunarstuðli hlutabréfa. Eins er hækkun á váttryggingaáhættu vegna stækkunar stofns.



Mynd 2 - Þróun gjaldþolskröfu (í m.kr.) milli ársloka 2019 og 2020

Eins og kom fram hér að ofan var ekki greiddur út arður fyrir rekstrarárið 2019 og miðað við það var gjaldþolshlutfall samstæðunnar fyrir árið 2019 1,67 sem er það sama og í lok árs 2020 að teknu tilliti til áætlaðra arðgreiðslna. Lágmarksfjármagn (MCR) félagsins var 4.345 m.kr. í árslok 2020 í samanburði við 4.117 m.kr. í árslok 2019. Allt eigið fé félagsins flokkast undir eiginfjárbátt 1 (e.tier 1).

Fjárhagsstaða Sjóvá og Sjóvá líf er sterk og uppfylla félögin kröfur um lágmarksfjármagn MCR og gjaldþolskröfu SCR. Á árinu 2020 var ekki um nein frávik frá kröfu um lágmarksfjármagn (MCR) eða gjaldþolskröfu (SCR).

## A Rekstur og afkoma

### A.1 REKSTUR

#### A.1.1 HEITI FÉLAGS OG REKSTRARFORM

Sjóvá-Almennar tryggingar hf. (Sjóvá) er hlutafélag sem stofnað var 20. júní 2009. Sjóvá-Almennar líftryggingar hf. (Sjóvá líf) er dótturfélag Sjóvár. Félögin eru váttryggingafélög og starfa m.a. samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 2/1995 og lögum um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016. Höfuðstöðvar eru í Kringlunni 5, 103 Reykjavík.

#### A.1.2 EFTIRLITSAÐILI

Sjóvá og Sjóvá líf lúta eftirliti Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (FME), Kalkofnsvegi 1, 101 Reykjavík.

#### A.1.3 YTRI ENDURSKOÐANDI

Í samræmi við lög um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016 skal ársreikningur váttryggingafélags endurskoðaður af endurskoðanda. Endurskoðun ársreiknings er í höndum KPMG ehf. sem kosið var á aðalfundi árið 2018 fyrir rekstrarárin 2018-2023. Endurskoðendurnir Sigríður Soffía Sigurðardóttir og Sæmundur Valdimarsson skrifa undir álit KPMG. Heimilisfang KPMG er Borgartún 27, 105 Reykjavík.

#### A.1.4 EIGENDUR VIRKRA EIGNAHLUTA

Hlutabréf í Sjóvá voru tekin til viðskipta á aðalmarkaði Nasdaq Iceland 11. apríl 2014. Hluthafar í Sjóvá voru 934 talsins í árslok 2020 og áttu erlendir aðilar og sjóðir þá 0,065% í félaginu. Aðeins einn hluthafi fer með virkan eignarhlut í félaginu (yfir 10% hlut), SVN eignafélag ehf. sem á 14,52% hlut.


#### A.1.5 UPPBYGGING SJÓVÁ SAMSTÆÐU

Sjóvá samstæðan starfar á váttryggingamarkaði og er með starfsemi á Íslandi á sviði skaða- og líftrygginga. Sjóvá-Almennar líftryggingar hf. er dótturfélag Sjóvár og er allri daglegri starfsemi þess útvistað til móðurfélagsins. Beinn eignarhlutur Sjóvár er 99%. Annað dótturfélag Sjóvár er Sjóvá Forvarnahúsið ehf. sem á 1% hlutafjár í Sjóvá líf.

#### A.1.6 HELSTU VÁTTRYGGINGAGREINAR OG STARFSSVÆÐI SJÓVÁR

Sjóvá samstæðan starfar á sviði skaða- og líftrygginga. Skaðatryggingar eru tryggingar gegn tjóni eða eyðileggingu á hlut, réttindum eða öðrum hagsmunum. Váttryggingarekstrinum er skipt í einstaklings- og fyrirtækjaráðgjöf og er um 63% iðgjalda hjá einstaklingsráðgjöf en um 37% hjá fyrirtækjaráðgjöf. Hlutfallið vex hjá einstaklingsráðgjöf á milli ára þar sem umsvifin jukust en á sama tíma var samdráttur hjá fyrirtækjaráðgjöf einkum hjá fyrirtækjum í ferðaþjónustu sem rekja má til Covid-19. Sala trygginga er einungis í höndum starfsmanna og umboðsaðila Sjóvár en sala líf- og sjúkdómatrygginga fara fram með rafrænum hætti. Hjá stærri fyrirtækjum eru viðskiptastjórar sem sjá um að þjónusta viðskiptavini.

Dæmi um skaðatryggingar eru munatryggingar, þ.e. váttryggingar á fasteignum og lausafé, ábyrgðartryggingar og slysatryggingar. Persónutryggingar eru váttryggingar þar sem váttryggð áhætta er bundin lífi og heilsu þess sem váttryggður er, þ.e. líf- og heilsutryggingar, slysatryggingar og sjúkratryggingar. Rúm 72% iðgjalda eru í stærstu skaðatryggingaflokkunum: lögboðnum ökutækjatryggingum (35%), eignatryggingum (21%) og frjálsum ökutækjatryggingum (16%). Þá eru rúm 10% iðgjalda í heilsu- og líftryggingum hjá Sjóvá líf. Váttryggingagreinum er skipt niður í einsleita greinaflokka og er skipting iðgjalda í þá flokka eins og fram kemur í eftirfarandi mynd.



Mynd 3 - Hlutfallsskipting iðgjalda ársins 2020 eftir váttryggingagreinum raðað eftir stærð flokka

Í árslok 2020 störfuðu 191 starfsmenn hjá Sjóvá í 186 stöðugildum. Sjóvá hefur á að skipa 11 útibúum auk umboða og þjónustuskrifstofa víðs vegar um landið. Auk höfuðstöðva í Reykjavík eru útibú staðsett á Akranesi, Borgarnesi, Ísafirði, Akureyri, Dalvík, Húsavík, Egilsstöðum, Reyðarfirði, Selfossi, Vestmannaeyjum og Reykjanesbæ.

#### A.1.7 VIÐSKIPTI EÐA ATBURÐIR SEM HÖFÐU VERULEG ÁHRIF Á SJÓVÁ

Vöxtur í váttryggingastarfsemi á milli ára varð mun minni en árin á undan vegna Covid19. Afleiðingar Covid-19 eru minnkandi umsvif í ferðaþjónustu og lækka iðgjöld fyrirtækja því á milli ára. Vöxtur iðgjalda hjá einstaklingsráðgjöf er aftur á móti tölverður og í heild varð því lítill háttar vöxtur iðgjalda á milli ára.



Náið er fylgst með tjónapróun og áhersla lögð á að iðgjöld mæti kröfum um afkomu. Hvað fjárfestingar varðar þá hefur eignasamsetning fjárfestingasafnsins tekið þó nokkrum breytingum sbr. mynd 14 í kafla A.3.1.

---

#### A.1.8 HELSTU BREYTINGAR OG ÞRÓUN

Vöxtur iðgjalda er drifinn af vísitölubreytingum og breytingum á verðlagi eftir þörfum. Markmið stjórnenda er að bæta váttryggingarekstur enn frekar og til lengri tíma þannig að hann skili að jafnaði 95% samsettu hlutfalli. Samsett hlutfall á árinu 2020 var 92,0% samanborið við 91,3% árið 2019. Birt samsett hlutfall í árslok 2019 var hærra eða 95,1% en hefur verið leiðrétt í samræmi við leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2020 sem FME gaf út í mars 2020 og tilgreint er hér í lok þessa kafla. Sá árangur sem náðist í afkomu váttryggingareksturs verður að teljast ánægjulegur einkum í ljósi þess að iðgjöld í ökutækjatrýggingum einstaklinga lækkaði með endurgreiðslu í maí 2020 og að töliverður samdráttur var hjá fyrirtækjum í ferðaþjónustu.

Allt kapp er lagt á að þjónusta Sjóvá sé öllum aðgengileg, á forsendum hvers og eins og stöðugt er unnið að því að þróa rafrænar samskiptaleiðir með þarfir viðskiptavina að leiðarljósi. Viðskiptavinir nýta sér í auknum mæli þær leiðir hvort sem þeir eru að kaupa tryggingar, fá ráðgjöf, tilkynna tjón eða annað. Á vef, sjova.is, er lögð áhersla á að viðskiptavinir geti nálgast allar upplýsingar á einfaldan og aðgengilegan hátt. Það er ánægjulegt að sjá hversu margir nýta sér þessar rafrænu leiðir og stöðug aukning er í fyrirspurnum sem berast í gegnum netspjall. Þessir styrkleikar félagsins komu bersýnilega í ljós við þær krefjandi aðstæður sem voru í þjóðfélaginu á árinu 2020 vegna Covid-19. Loka þurfti fyrir komur viðskiptavina í útibú og nær öll samskipti færðust yfir í síma og rafrænar samskiptaleiðir. Á sama tíma fluttu starfsmenn Sjóvár starfsstöð sína heim og eiga nú möguleika á að vinna hvar og hvenær sem er. Fartölvuvæðing starfsmanna samhliða notkun á Teams fjarfundarbúnaði skapaði þær aðstæður að fyrirtækið gat starfað og sinnt þjónustu og hlutverki sínu við gjörbreyttar aðstæður.

Á seinni hluta ársins var tekinn í notkun búnaður sem gerir starfsfólki kleift að skoða og meta tjón í gegnum myndavél í síma viðskiptamanns án þess að matsmaður þurfi að fara á vettvang. Það er von okkar að þessi þróun eigi eftir að flýta afgreiðslu tjóna og einfalda hana verulega í mörgum tilvikum, viðskiptavinum til hagsbóta.

Sterk ímynd og staða félagsins á markaði var staðfest í janúar 2021 þegar niðurstöður ánægjuvogarinnar voru opinberaðar og í ljós kom að Sjóvá átti ánægðustu viðskiptavini á váttryggingamarkaði á árinu 2020, fjórða árið í röð. Fékk félagið jafnframt hæstu einkunn sem tryggingafélag hefur fengið í mælingum á ánægju og setur þannig ný viðmið í þjónustu við viðskiptavini á váttryggingamarkaði.

Þann 18.mars 2020 gaf Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands út Leiðbeinandi tilmæli nr. 1/2020 um samræmda framsetningu tiltekinna skýringarliða í ársreikningum váttryggingafélaga. Tilgangur tilmællanna er einkum til að stuðla að auknu gagnsæi og samræmi en einnig til að skýra hugtakanotkun og framsetningu lykilstærða í ársreikningum. Þau kalla einnig á nánari sundurgreiningu á breytingu váttryggingaskuldar á tímabilinu. Sá hluti matsbreytinga á tjónaskuld fyrri ára sem orsakast af gengismun, vöxtun og breytingu á vöxtum eru ekki lengur færð undir tjón ársins heldur undir liðinn tæknilegar vaxta- og gengisbreytingar af váttryggingaskuld. Þetta hefur í för með sér breytingu á tjónshlutfalli sem þessari fjárhæð nemur og þar með samsettu hlutfalli. Auk þess reiknast fjárfestingatekjur af váttryggingastarfssemi nú einungis af iðgjaldaskuld félagsins þar sem sá hluti váttryggingaskuldar er ekki núvirtur.

Félagið innleiddi þessi tilmæli og hóf að birta árshlutareikninga sína eftir þeim strax á fyrsta ársfjórðungi.

## A.2 ÁRANGUR Í VÁTRYGGINGASTARFSEMI

### A.2.1 SAMANBURÐUR MILLI ÁRA

Heildarhagnaður samstæðunnar hækkar töluvert á milli árunna 2019 og 2020 en hann var 3.853 m.kr. í árslok 2019 en var 5.320 m.kr. í lok árs 2020. Afkoma af vátryggingastarfsemi félagsins fyrir skatta dróst þó saman um 17% á milli ára og var 1.968 m. kr samanborið við 2.370 m.kr árið 2019. Iðgjöld voru lægri en gert hafði verið ráð fyrir sem rekja má til samdráttar hjá fyrirtækjum í ferðaþjónustu annars vegar og endurgreiðslu iðgjalda í ökutækjatryggingum einstaklinga í maí 2020 hins vegar en í heild hækkuðu iðgjöld um 1% á milli ára.

Eigin iðgjöld hækka um 0,6% á meðan að eigin tjón hækka um 1,2%. Hagnaður af fjárfestingastarfsemi hækkaði töluvert á milli ára. Iðgjöld (m.kr) skiptast eftir greinaflokkum sem hér segir:

	2020	2019	Breyting
Eignatr	4.381	4.009	9%
Sjó-, flug og farmtr	659	704	-6%
Lögb ökutækjatr	7.250	7.444	-3%
Frjálsar ökuttr	3.245	3.496	-7%
Ábyrgðartr	1.198	1.169	3%
Greiðslu- og efndatr	15	4	301%
Alm slysa- og sjúkratr	920	854	8%
Atvinnuslysatr	916	943	-3%
Sjúkrakostnaðartr	20	20	-2%
Líftr	1.091	989	10%
Heilsutr (líf)	1.136	1.002	13%
<b>Samtals</b>	<b>20.831</b>	<b>20.633</b>	<b>1%</b>

Mynd 4 – Iðgjöld eftir greinaflokkum í 2020 og 2019

Yfirlit yfir afkomu af váttryggingarstarfsemi (m.kr.) ásamt helstu kennitölum má sjá á mynd 5:

Váttryggingarstarfsemi	2020	2019	%
Iðgjöld tímabilsins	20.831	20.633	1,0%
Hluti endurtryggjenda í iðgjaldatekjum	(1.015)	(932)	8,9%
Eigin iðgjöld	19.817	19.701	<b>0,6%</b>
Fjárfestingartekjur af váttryggingarekstri	175	441	-60,3%
Aðrar tekjur	218	204	6,8%
Heildartekjur af váttryggingarekstri	20.209	20.345	<b>-0,7%</b>
Tjón tímabilsins	(14.720)	(14.433)	2,0%
Hluti endurtryggjenda í tjónum tímabilsins	496	377	31,6%
Eigin tjón	(14.223)	(14.056)	<b>1,2%</b>
Rekstrarkostnaður af váttryggingarekstri	(4.018)	(3.918)	2,5%
Hagnaður/tap af váttryggingarekstri	<b>1.968</b>	<b>2.370</b>	<b>-17,0%</b>
<b>Fjárfestingarstarfsemi</b>			
Fjárfestingartekjur af fjárfestingarstarfsemi	5.099	3.200	59,4%
Tæknilegar vaxta- og gengisbr.vátr.sk.	(678)	(805)	-15,8%
Rekstrarkostnaður af fjárfestingarstarfsemi	(461)	(355)	29,9%
Hagnaður af fjárfestingarstarfsemi	<b>3.960</b>	<b>2.040</b>	<b>94,1%</b>
Hagnaður fyrir tekjuskatt	5.928	4.410	34,4%
Tekjuskattur	(608)	(557)	9,2%
Heildarhagnaður tímabilsins	<b>5.320</b>	<b>3.853</b>	<b>38,1%</b>

Mynd 5 - Helstu rekstrartölur úr rekstrareikningi samstæðunnar 2020 og 2019

	2020	2019
Tjónahlutfall	70,7%	70,0%
Endurtryggingahlutfall	2,0%	2,2%
<b>Tjóna- og endurtryggingahlutfall</b>	<b>72,7%</b>	<b>72,2%</b>
Kostnaðarhlutfall	19,3%	19,0%
<b>Samsett hlutfall</b>	<b>92,0%</b>	<b>91,3%</b>
Ávöxtun eigin fjár	28,3%	25,6%
Hagnaður á hlut	<b>3,98</b>	<b>2,82</b>
Gjaldþol e áætlaða arðgreiðslu 2020	19.120	16.783
<b>Gjaldþolshlutfall</b>	<b>1,67</b>	<b>1,67</b>

Mynd 6 - Helstu rekstrartölur úr rekstrareikningi samstæðunnar 2020 og 2019


Samsett hlutfall er einn þeirra mælikvarða sem horft er til þegar afkoma er mæld. Þar er mælt hvort iðgjöld tímabils nægi fyrir tjónum, endurtryggingum og rekstrarkostnaði. Fjárfestingatekjur eru ekki reiknaðar inn í samsett hlutfall.

Iðgjöld, tjón og samsett hlutfall greinaflokka í frumtryggingum skaðatrygginga (í m. kr):

	Eignatr	Sjó-, flug- og farmtr	Lögb öku-tækjatr	Frjálsar ökuttr	Ábyrgð-artr	Alm slysa- og sjúkratr	Atvinnu-slysatr	Sjúkra-kostn.tr	Samtals frumtr.
Iðgjöld ársins	4.381	659	7.250	3.245	1.213	920	916	20	18.604
Tjóns ársins	-2.925	-281	-6.108	-2.323	-964	-572	-787	-12	-13.971
Til endurtryggjenda	-41	-129	-29	-12	-98	-3	11	0	-301
Rekstrarkostn. af vátr.starfs.	-879	-96	-1.382	-715	-207	-174	-145	-4	-3.603
<b>Tjónshlutfall</b>	<b>66,8%</b>	<b>42,6%</b>	<b>84,2%</b>	<b>71,6%</b>	<b>79,5%</b>	<b>62,2%</b>	<b>85,9%</b>	<b>58,5%</b>	<b>75,1%</b>
<b>Til endurtryggjenda</b>	<b>0,9%</b>	<b>19,6%</b>	<b>0,4%</b>	<b>0,4%</b>	<b>8,1%</b>	<b>0,3%</b>	<b>-1,2%</b>	<b>0,0%</b>	<b>1,6%</b>
<b>Tjóna- og endurtrygginga-hlutfall</b>	<b>67,7%</b>	<b>62,1%</b>	<b>84,7%</b>	<b>71,9%</b>	<b>87,6%</b>	<b>62,5%</b>	<b>84,7%</b>	<b>58,5%</b>	<b>76,7%</b>
<b>Rekstrarkostnaður</b>	<b>20,1%</b>	<b>14,6%</b>	<b>19,1%</b>	<b>22,0%</b>	<b>17,1%</b>	<b>18,9%</b>	<b>15,9%</b>	<b>20,5%</b>	<b>19,4%</b>
<b>Samsett hlutfall</b>	<b>87,8%</b>	<b>76,8%</b>	<b>103,7%</b>	<b>94,0%</b>	<b>104,7%</b>	<b>81,4%</b>	<b>100,5%</b>	<b>79,0%</b>	<b>96,1%</b>

Mynd 7 – Skipting eftir greinafloknum Solvency II í frumtryggingum 2020

Í eftirfarandi mynd er samsett hlutfall ársins 2020 og ársins 2019 til samanburðar. Auk ofangreindra greinaflokka eru greinaflokkarnir líftr. og heilsutr. sem tilheyra Sjóvá líf:



Mynd 8 – Samsett hlutfall í greinaflokkum Solvency II í frumtryggingum 2020 og 2019

## HELSTU VÁTTRYGGINGATEGUNDIR OG AFKOMA ÞEIRRA Á ÁRINU 2020:

### EIGNATRYGGINGAR

Helstu váttryggingagreinar eignatrygginga eru:

#### Brunatryggingar :

Lögboðin brunatrygging húseigna – uppbygging eða lagfæring á húseignum og föstum innréttingum vegna tjóns af völdum bruna og er váttryggingafjárhæð brunabótamat samkvæmt fasteignamati hjá Þjóðskrá Íslands.

Brunatrygging lausafjár - tjón á váttrygðu lausafé af völdum bruna, vatns og innbrots.

Rekstrarstöðvunartrygging - váttryggingin tekur til rekstrartaps sem váttryggður verður fyrir vegna samdráttar í sölu og þjónustu af völdum bruna, vatnstjóns og innbrots.

**Fjölskylduþryggingar:**

Víðtæk trygging þar sem innbú og lausafé heimila er tryggt gegn bruna- vatni, innbrotum ofl.

**Fasteignatryggingar:**

Trygging gegn vatnsskaða, glertjónum ofl.

Um allar tryggingarnar gildir að váttryggingavernd er skilgreind nákvæmlega í skilmálum þeirra.

**SJÓ- FLUG- OG FARMTRYGGINGAR:**

---

**Sjótryggingar:**

Bætir skemmdir á skipum, vélabúnaði, afla, veiðarfærum og slys á farþegum.

**Flugtryggingar:**

Bætir skemmdir á flugvélum og slys á farþegum og flugmanni

**Farmtryggingar**

Bætir skemmdir á farmi sem fluttur er til og frá landi sem og flutningur innanlands

**LÖGBOÐNAR ÖKUTÆKJATRYGGINGAR**

---

**Ábyrgðartryggingar ökutækja:**

Lögboðin trygging sem greiðir bætur fyrir tjón á mönnum og munum sem ökutæki veldur. Annar hluti váttryggingategundarinnar eru bætur greiddar fyrir skemmdir á ökutækjum sem ekið er á sem og öðrum hlutum sem kunna að skemmast við tjónið. Hinn hlutinn eru greiddar bætur vegna slysa á fólki, það er farþegum og öikumanni ökutækis sem ekið er á, farþegum í ökutæki tjónvalds og tjón vegna slysa á gangandi eða hjólandi vegfarendum sem ökutækið veldur.

Eigandi og ökumaður ökutækisins sem tjóninu veldur fá hins vegar sitt slysatjón bætt úr Slysatryggingu ökumanns og eiganda sem einnig er lögboðin trygging.

Ökutækjatryggingar er langstærsti greinarflokkurinn bæði hvað varðar iðgjöld og tjón. Iðgjöld ársins 2020 í ökutækjatryggingum í heild eru um 50% af samtals iðgjöldum félagsins.

Iðgjöld lækka á milli árunna 2019 og 2020 . Ástæða þess er samdráttur hjá fyrirtækjum í ferðaþjónustu. Fjölgun var aftur á móti á einstaklingssviði og hækka iðgjöld þar á milli ára þrátt fyrir niðurfellingu maígjalds 2020. Hluti iðgjalda í ökutækjatryggingum fylgir vísitölu launa þar sem tjónþolar fá bætt áætlað vænt tekjutap þegar um varanlega starfsorkuskerðingu er að ræða af völdum umferðarslyss. Vísitala launa hefur hækkað töluvert undanfarið ár og nam hækkan á árinu 2020 að meðaltali rúmlega 6%. Má gera ráð fyrir að tjónagreiðslur vegna þess tjónabáttar hækki um sama hlutfall á milli ára og fylgja iðgjöld því sömu hækkan. Þannig tengist launavísitala öllum þeim váttryggingagreinum þar sem bótauppgjör er samkvæmt skaðabótalögum. Þá tengist launavísitala fleiri þáttum tjónabóta s.s. eins og viðgerð á ökutækjum.

## FRJÁLSAR ÖKUTÆKJATRYGGINGAR:

---

**Kaskótryggingar ökutækja:** Bætir m.a. skemmdir á ökutæki þess sem veldur árekstri, þjófnað og skemmdarverk.

**Rúðutryggingar ökutækja:** Bætir skemmdir á rúðum ökutækis.

### Ábyrgðartryggingar:

Ábyrgðartryggingar flokkast í starfsábyrgðartryggingar sem ýmist eru lögboðnar eða frjálsar og almennar ábyrgðartryggingar. Vátryggingavernd í stærstu greininni, frjálsri ábyrgðartryggingu, tekur til skaðabótaábyrgðar, sem fellur á vátryggðan vegna líkamstjóns eða skemmda á munum vegna starfsemi þeirrar sem um ræðir enda verði líkamstjónið eða skemmdirnar raktar til atburðar sem vátryggingartaki ber skaðabótaábyrgð á. Á sama hátt er vátryggt gegn skaðabótaábyrgð, er fellur á vátryggðan sem eiganda eða notanda húss eða fasteignar, þar sem starfsemin fer fram. Ábyrgðartryggingar eru líka seldar til einstaklinga en þær eru hluti að fjölskyldutryggingum og einnig seldar sérstaklega t.d. vegna skotvopna og hunda.

## SJÚKRA- OG SLYSATRYGGINGAR

---

Stærstu greinar sjúkra- og slysatrygginga eru tryggingar þar sem bætur greiðast við starfsorkumissi af völdum slyss eða sjúkdóms. Sem dæmi um tryggingar sem falla í þennan flokk eru slysatryggingar í frítíma sem er hluti af flestum fjölskyldutryggingum en þar greiðast bætur verði vátryggður fyrir slysi í frítíma og missir starfsorku í lengri eða skemmri tíma.

## ATVINNUSLYSATRYGGINGAR:

---

Í atvinnuslysatryggingar flokkast slysatrygging launþega og slysatrygging sjómanna. Launþegar eru tryggðir samkvæmt kjarasamningum verði þeir fyrir slysi í vinnu sem leiðir til þess að þeir verða frá vinnu í lengri eða skemmri tíma. Vátryggingafjárhæðir eru ákvarðaðar í kjarasamningum. Slysatrygging sjómanna greiðir bætur verði sjómenn fyrir slysi við vinnu sína en þar eru bætur til þeirra sem slasast ákvarðaðar samkvæmt skaðabótalögum og er stór hluti bóta vegna áætlaðs tekjutaps framtíðarinnar.

## LÍFTRYGGINGAR:

---

Stærstu vátryggingagreinar eru líf- og sjúkdómatryggingar. Þá hafa barnatryggingar vaxið hratt síðustu ár.

### Líftryggingar:

Greiddar eru bætur ef vátryggður deyr á gildistíma tryggingarinnar. Í sparnaðarlíftryggingum er mánaðarlegur sparnaður og líftrygging.

**Heilsutryggingar:** Stærstu greinarnar eru:

#### Sjúkdómatrygging:

Bætur greiðast ef vátryggingataki greinist með einhvern þeirra sjúkdóma sem taldir eru upp í skilmálum.

#### Barnatryggingar:

Ýmis vernd vegna heilsutjóns barns vegna slysa og/eða sjúkdóma samkvæmt skilmálum tryggingarinnar.

## A.3 ÁRANGUR AF FJÁRFESTINGUM

### A.3.1 SAMANBURÐUR MILLI ÁRA

Verðbréfaeignir samstæðunnar námu 49.088 m.kr. í lok árs 2020 samanborið við 41.088 m.kr. í lok árs 2019. Þær eignir sem tilheyra ekki eignum í stýringu eru hlutdeildarsjóðir þar sem líftryggingatakar bera fjárfestingaráhættu, eignir Sjóvár lífs í verðbréfasjóðum, laust fé sem notað er í daglegum rekstri og hlutafé í dótturfélögum Sjóvár, Sjóvá líf og Forvarnahúsinu ehf. Verðbréfaeignir sem samstæðan ber fjárfestingaráhættu af námu í lok árs 2020 43.766 m.kr. samanborið við 36.425 m.kr. í lok árs 2019. Samstæðan ber ekki fjárfestingaráhættu af afleiðum, verðbréfun né á það eignir að neinu marki sem skráðar eru í öðrum gjaldmiðlum en íslenskum krónum.

Fjárfestingatekjur samstæðunnar námu 5.274 m.kr. árið 2020 samanborið við 3.640 m.kr. árið 2019 og aukast um 45% á milli ára.

Fjárfestingatekjur greinast annars vegar í fjármunatekjur sem samanstanda af vaxtatekjum af handbæru fé, vaxtatekjum af viðskiptakröfum, fengnum arði og gengismun og hins vegar af gangvirðisbreytingu verðbréfa sem samanstendur af söluhagnaði verðbréfa, gangvirðisbreytingum og vaxtatekjum. Fjármunatekjur námu 476 m.kr. árið 2020 og 826 m.kr. árið 2019 og drógust saman um 42% á milli ára. Gangvirðisbreyting verðbréfa nam 4.799 m.kr. árið 2020 og 2.814 m.kr. árið 2019 og jókst um 71% á milli ára. Niðurbrot fjárfestingatekna (m.kr.) má sjá á mynd 9.

	2020	2019
Vaxtatekjur af handbæru fé	7	24
Vaxtatekjur af viðskiptakröfum	362	415
Fenginn arður	105	389
Gengismunur	1	-1
Fjármunatekjur	<b>476</b>	<b>826</b>
Gangvirðisbreyting verðbréfa	4.799	2.814
Fjárfestingatekjur	<b>5.274</b>	<b>3.640</b>

Mynd 9 – Niðurbrot fjárfestingatekna skv. IFRS

Fjárfestingatekjur samstæðunnar af eignum í stýringu námu 4.889 m.kr. á árinu 2020 og beinn kostnaður nam 63 m.kr. Beinn kostnaður vegna fjárfestingastarfsemi samanstendur af viðskiptaþóknunum og vörslu- og uppgjörsgjöldum á tímabilinu.

Fjárfestingatekjur samstæðunnar af eignum í stýringu ásamt beinum kostnaði henni tengdri eftir eignaflokkum má sjá á mynd 10.



	Virði 01.01.2021	Virði 01.01.2020	Afkoma 2020	Gjöld 2020
Ríkiskuldabréf, skráð á markað	13.886	12.409	764	26
Fyrirtækjaskuldabréf, skráð á markað	12.943	10.485	762	10
Hlutabréf, skráð á markað	11.821	9.255	3.130	26
Afleiður	18	0	18	0
Fyrirtækjaskuldabréf, óskráð	281	0	0	0
Hlutabréf, óskráð	1.344	1.139	12	0
Sjóðir	3.077	2.927	203	1
Innstæður skemmri en eitt ár	394	210	1	0
<b>Samtals</b>	<b>43.766</b>	<b>36.425</b>	<b>4.889</b>	<b>63</b>

Mynd 10 – Afkoma og gjöld af af eignum í stýringu 2020 m.v. CIC flokkun


Fjárfestingatekjur samstæðunnar af eignum í stýringu námu 3.206 m.kr. á árinu 2019 og beinn kostnaður nam 56 m.kr. Beinn kostnaður vegna fjárfestingastarfsemi samanstendur af viðskiptaþóknunum og vörslu- og uppgjörsgjöldum á tímabilinu.

Fjárfestingatekjur samstæðunnar af eignum í stýringu ásamt beinum kostnaði henni tengdri eftir eignaflokkum má sjá á mynd 11.

	Virði 01.01.2020	Virði 01.01.2019	Afkoma 2019	Gjöld 2019
Ríkiskuldabréf, skráð á markað	12.409	10.751	881	23
Fyrirtækjaskuldabréf, skráð á markað	10.485	6.765	639	8
Hlutabréf, skráð á markað	9.255	8.224	1.768	25
Fyrirtækjaskuldabréf, óskráð	0	101	5	0
Hlutabréf, óskráð	1.139	650	50	0
Sjóðir	2.927	4.684	-148	1
Innstæður skemmri en eitt ár	210	388	12	0
<b>Samtals</b>	<b>36.425</b>	<b>31.563</b>	<b>3.206</b>	<b>56</b>

Mynd 11 – Afkoma og gjöld af eignum í stýringu 2019 m.v. CIC flokkun

Stærstu breytingar á eignasafninu á árinu 2020 voru aukning í hlutfalli skráðra hlutabréfa sem helgast af afar góðri afkomu í eignaflokknum á árinu. Þá hefur hlutfall skráðra fyrirtækjaskuldabréfa aukist á meðan hlutfall ríkisskuldabréfa af heildar eignarsafninu dregist saman. Sjá breytingar á eignasamsetningu eignasafnsins á árinu 2020 í mynd 12.



Mynd 12 - Breytingar á eignasamsetningu eigna í stýringu á árinu 2020 m.v. eigin flokkun

Afkoma af fjárfestingum var góð og langt umfram væntingar á árinu 2020 og skiluðu allir eignaflokkar utan óskráðra hlutabréfa jákvæðri ávöxtun. Árið fór vel af stað á eignamörkuðum en í lok febrúar þegar fréttir fóru að berast af útbreiðslu Covid tók að halla undan fæti og felldi félagið þá afkomuspá sína úr gildi vegna óvissu sem þá var talin geta haft neikvæð áhrif á afkomu félagsins. Afkoma af fjárfestingum varð betri en gert var ráð fyrir og námu fjárfestingatekjur 5.274 m.kr. á árinu 2020 en voru 3.640 m.kr. árið 2019 sem þó var óvenju gott. Ávöxtun fjárfestingareigna í stýringu félagsins var 13,2% á árinu.

Aðalfundur félagsins frestaði arðgreiðslu vegna ársins 2019 vegna tilmæla Seðlabankans um að varúðar yrði gætt í ljósi óvissu um heimsfaraldurinn og í nóvember var samþykkt á hluthafafundi að falla frá henni. Sú staðreynd að ekki var greiddur út arður vegna ársins 2019 til viðbótar við góða rekstrarafkoma hefur gert það að verkum að eignasafn félagsins hefur vaxið mikið og námu eignir í stýringu 43,8 ma.kr. í lok ársins 2020.

Seðlabanki Íslands brást við aukinni óvissu í efnahagsmálum með lækkun stýrivaxta úr 3% í upphafi árs í 0,75% í lok þess og hafa stýrivextir aldrei verið lægri. Lágir vextir leiddu til hækkunar á virði skuldabréfa og studdi við allt eignaverð í landinu, ávöxtun ríkisskuldabréfa var 6% á árinu og ávöxtun annarra skuldabréfa 7,6%. Eftir að fyrsta bylgja Covid gekk yfir tók verð hlutabréfa við sér og eftir vel heppnað hlutfjárútboð Icelandair tók verð hlutabréfa enn að hækka og hækkaði linnulítið til loka árs. Reyndist ávöxtun af safni skráðra hlutabréfa félagsins vera 34,5% á árinu sem er langt umfram öll söguleg meðaltöl og væntingar, sér í lagi í ljósi víðtækra lokana hagkerfisins vegna Covid.

Landsframleiðslan dróst saman um 8,6% á síðasta ári, einkum vegna þess að útflutningur vöru og þjónustu minnkaði um 30%. Stærsta útflutningsgrein þjóðarinnar, ferðaþjónustan, lagðist að miklu leyti í dvala vegna þess að landið var að mestu lokað vegna sóttvarna og aðrar útflutningsgreinar urðu sömuleiðis fyrir búsisfjum vegna sóttvarna í viðskiptalöndum okkar. Gengi krónunnar lækkaði um 10,7% á árinu vegna verri viðskiptakjara sem verður að teljast mjög hófstíllt í ljósi útflutningssamdráttar en það skýrist af miklu minni skuldsetningu hagkerfisins í erlendum myntum en áður og að Seðlabanki Íslands ræður nú yfir stórum gjaldeyrisforða sem eykur trúverðugleika íslensku krónunnar. Verðbólga reyndist 3,5% á árinu sem er yfir 2,5% verðbólguþolmiði Seðlabankans og skýrist það að miklu leyti af veikingu krónunnar.

Ávöxtun í fortíð gefur ekki fyrirheit um ávöxtun í framtíð, þvert á móti má gera ráð fyrir að hækkun á verðkennitölum hlutabréfa og lækkun ávöxtunarkröfu skuldabréfa leiði til þess að ávöxtun í framtíð verði minni en verið hefur á því óvenjulega ári 2020.

Sjá yfirlit yfir afkomu stærstu eignaflokka félagsins á mynd 13.

	Virði 01.01.2021	Vægi	Virði 01.01.2020	Hreyfingar	Ávöxtun	Afkoma
<b>Laust fé</b>	872	2%	369	490	2,2%	13
<b>Skuldabréf með ríkisábyrgð</b>	13.061	30%	12.420	-41	6,0%	682
<b>Önnur skuldabréf</b>	15.535	35%	12.107	2.380	7,6%	1.048
<b>Skráð hlutabréf</b>	11.839	27%	9.255	-564	34,5%	3.148
<b>Óskráð hlutabréf</b>	2.460	6%	2.274	187	-0,1%	-1
<b>Verðbréf samtals</b>	<b>43.766</b>	<b>100%</b>	<b>36.425</b>	<b>2.451</b>	<b>13,2%</b>	<b>4.889</b>

Mynd 13 - Afkoma og ávöxtun af eignum samstæðu í stýringu á árinu 2020 m.v. eigin flokkun, (í m.kr.)

Samanburður á ávöxtun ríkisskuldabréfasjóða á árinu 2020 má sjá á mynd 14.

	2020
Sjóvá - samstæða	6,0%
ÍV áskriftasjóður	5,3%
Gamma Gov	6,5%
Landsbréf Sparibréf millilöng	5,4%
Íslandssjóðir meðallöng ríkisskuldabréf	6,1%
Júpíter ríkisskuldabréf	6,5%
Stefnir millilöng ríkistryggð	5,6%

Mynd 14 - Ávöxtun nokkurra ríkisskuldabréfasjóða, 2020

Samanburður á ávöxtun hlutabréfasjóða á árinu 2020 má sjá á mynd 15.

	2020
Sjóvá - samstæða	34,5%
ÍV hlutabréfasjóður	28,0%
Akta - Stokkur	54,0%
Landsbréf Öndvegisbréf	18,6%
Íslandssjóðir Hlutabréfasjóðurinn	33,5%
Júpíter innlend hlutabréf	25,6%
Stefnir ÍS 15	13,0%
Landsbréf Úrvalsbréf	20,0%

Mynd 15 - Ávöxtun nokkurra hlutabréfasjóða, 2020

#### A.4 ÁRANGUR AF ANNARRI STARFSEMI

Ekki er um aðra starfsemi að ræða en fram kemur í köflum A.1-A.3.

#### A.5 AÐRAR UPPLÝSINGAR

##### A.5.1. MARKVISS STEFNA Í SAMFÉLAGSLEGRI ÁBYRGÐ

Sjóvá vinnur að því að auka samþættingu áherslna Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun við markmið í starfseminni. Tengt er við fimm heimsmarkmiðanna þ.e. markmið 3 um heilsu og vellíðan, 5 um jafnrétti kynjanna, 8 um góða atvinnu og hagvöxt, 12 um ábyrga neyslu og 13 um aðgerðir í loftslagsmálum. Í samræmi við eðli rekstrarins hefur áhersla verið lögð á forvarnir, jafnréttismál, heilbrigðan rekstur og framþróun í samræmi við markmið 3, 5 og 8. Einnig er leitast við að tryggja ábyrga neyslu og stuðla að umhverfisvænum lausnum samkvæmt markmiði 12 og grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra í samræmi við markmið 13.

Áherslur Sjóvár í forvörnum tengjast markmiði 3 um heilsu og vellíðan þar sem sett eru fram markmið um helmings fækkun alvarlega slasaðra og dauðsfalla vegna umferðarslysa fyrir árið 2030 og markmiði 12 um ábyrga neyslu og framleiðslu um að draga verulega úr sóun með forvörnum, minnkun úrgangs, aukinni endurvinnslu og endurnýtingu.

Sjóvá hefur um árabíl lagt áherslu á að tryggja jöfn tækifæri og jafnrétti kynja til ábyrgðar og launa í samræmi við heimsmarkmið 5 og 8. Mannréttindastefna og árleg aðgerðaáætlun eru rammi utan um framkvæmd stefnunnar. Sjóvá hefur frá árinu 2014 haft jafnlaunavottun sem staðfestir að í félaginu er virkt jafnlaunakerfi og hefur launamunur alltaf mælst milli 0-2%.

Félagið hefur sett sér umhverfisstefnu, fylgist með þróun umhverfisvísa og notkunar auðlinda í rekstrinum og leitast við að minnka losun gróðurhúsalofttegunda.

Sjóvá styrkti Neyðarvarnir Rauða kross Íslands á árinu til að bæta aðbúnað við uppsetningu fjöldahjálparstöðva en þörf fyrir þær hefur aukist mikið í tengslum við veðurofsa og náttúruhamfarir. Er það í samræmi við heimsmarkmið 12 um að auka viðbragðsáætlanir og viðbúnað vegna vár af völdum náttúruhamfara.

Allt frá stofnun Slysavarnarfélagsins Landsbjargar hefur Sjóvá verið einn af aðalbakhjörllum þess og hefur samstarf félaganna á sviði trygginga og forvarna verið víðtækt. Sjóvá er þátttakandi í Ólympíufjölskyldu Íþrótt- og ólympíusambands Íslands og styður þannig dyggilega við afreksstarf samtakanna.

##### A.5.2. ÁNÆGÐARA STARFSFÓLK OG VIÐSKIPTAVINIR

Sjóvá var efst tryggingafélaga í Íslensku ánægjuvuginni árið 2020, fjórða árið í röð. Niðurstöðurnar voru tilkynntar í janúar 2021 og var Sjóvá með hæstu einkunn sem tryggingafélag hefur fengið frá því að mælingar Ánægjuvogarinnar hófust árið 2002.

Allt frá árinu 2015 hefur verið unnið með markvissum hætti að því að auka ánægju viðskiptavina með breyttum áherslum í þjónustu, auknu frumkvæði í samskiptum og einföldun skilaboða. Að sama skapi hefur verið unnið ötullega að því að auka og styðja við ánægju starfsfólks enda er það trú okkar að þetta tvennt haldist þétt saman í hendur. Í mælingum Gallup á starfsánægju á árinu 2020 mældist starfsánægja hærrí en nokkru sinni og er hún með því hæsta sem mælist hjá íslenskum fyrirtækjum, -samkvæmt gagnagrunni Gallup.

Þessar niðurstöður eru ekki hvað síst ánægjuefni í ljósi þeirra áskorana sem fylgdu heimsfaraldrinum og eiga bæði viðskiptavinir og starfsfólk mikið hrós skilið fyrir mikla aðlögunarhæfni á þessum óvenjulegu tímum.

## B Stjórnkerfi

### B.1 ALMENNAR UPPLÝSINGAR UM STJÓRNKERFI

Sjóvá er hlutafélag sem stofnað var 20. júní 2009. Félagið er váttryggingafélag og starfar samkvæmt lögum um hlutafélög nr. 2/1995, lögum um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016 og lögum um váttryggingasamtæður nr. 60/2017.

Með stjórn félagsins fara hluthafafundir, stjórn félagsins og forstjóri. Hluthafafundir hafa æðsta vald í öllum málefnum félagsins. Stjórn hefur æðstu forstöðu félagsins, nema þar sem öðruvísi er kveðið á um í samþykktum. Forstjóri annast daglegan rekstur félagsins eftir stefnu sem stjórn setur.

Sjóvá samstæðan starfar á váttryggingamarkaði og er alhliða váttryggingafélag með starfsemi á Íslandi á sviði skaða- og líftrygginga. Sjóvá líf er dótturfélag Sjóvár og er allri daglegri starfsemi þess útvistað til móðurfélagsins.

Félagið fylgir reglum um stjórnarhætti sem fjallað er um í lögum um ársreikninga, lögum um hlutafélög, lögum um váttryggingastarfsemi og reglugerða Evrópusambandsins um váttryggingastarfsemi og váttryggingasamtæður nr. 940/2018, og leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar voru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins í maí 2015.

---

#### B.1.1 SAMSETNING STJÓRNAR, MEGINSVIÐ, HELSTU NEFNDIR, GÆÐAKERFI OG LYKILSTARFSSVIÐ

##### B.1.1.1 Samsetning stjórnar

Hlutverk stjórnar er að hafa eftirlit með því að starfsemi félagsins sé í samræmi við stefnu og áætlanir, lög og samþykktir og hafa eftirlit með rekstri og ráðstöfun fjármuna. Stjórnin hefur eftirlit með árangri og skilvirkni félagsins og stuðlar að því að markmið þess náist og að til staðar sé skilvirkt innra eftirlit, áhættustýring og hlítning við lög og reglur. Stjórn skal tryggja að viðmiðum og lágmarkskröfum um gjaldþol sé ævinlega fylgt og skal staðfesta að staðalregla um útreikninga gjaldþols sé viðeigandi fyrir félagið og að niðurstöður gjaldþolsútreikninga séu nýttar í rekstrinum. Þá skal stjórn tryggja að gildi og stefna Sjóvár séu þekkt og innleidd í starfsemi.

Stjórn Sjóvár var skipuð fimm einstaklingum; lögfræðingi, hagfræðingi, tölvunarfræðingi og tveimur viðskiptafræðingum. Styrkleikar stjórnarinnar eru fjölbreytt samsetning, víðtæk þekking úr atvinnulífinu og reynsla af stjórnarsetu félaga í fjölbreyttum rekstri. Sérfræðiþekking og reynsla hvers stjórnarmanns nýtist vel í störfum stjórnarinnar. Stjórnin starfar eftir starfsáætlun sem samþykkt er frá aðalfundi til aðalfundar. Fundir eru að jafnaði haldnir mánaðarlega og oftast ef þurfa þykir. Stjórnarfundir voru í föstum skorðum á árinu 2020 og haldnir voru 18 fundir. Stjórn Sjóvár endurskoðar starfsreglur sínar árlega en þær kveða meðal annars á um hæfi stjórnarmanna, verkaskiptingu og


skyldur stjórnarmanna. Reglurnar ná einnig yfir hlutverk og verkvið stjórnar og forstjóra, fyrirsvar stjórnar, upplýsingagjöf til stjórnar, fundarsköp og fundargerðir, ákvörðunarvald og skipan undirnefnda.

Stjórnin metur árlega störf sín og gerir sjálfsmat á samsetningu stjórnarinnar en hún telur sig búa yfir nauðsynlegri þekkingu og reynslu til að sinna störfum sínum.

Stjórn Sjóvár lífs skipa tveir lögfræðingar, annar þeirra forstjóri Sjóvár sem jafnframt er stjórnarformaður, og einn viðskiptafræðingur. Stjórnin metur árlega störf sín og gerir sjálfsmat á samsetningu stjórnarinnar en hún telur sig búa yfir nauðsynlegri þekkingu og reynslu til að sinna störfum sínum.

Forstjóri Sjóvár, framkvæmdastjóri Sjóvár lífs og hluti stjórnarmanna hafa undirgengist hæfismat Fjármálaeftirlitsins.

Skipurit Sjóvár kemur fram í eftirfarandi mynd:



Mynd 16 - Gildandi skipurit Sjóvár

Forstjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri samkvæmt stefnu og fyrirmælum stjórnar, sbr. 2 mgr. 68 gr., hlutafélagalaga. Áhættustýring og gæðamál, persónuvernd, regluvarsla, fjárfestingar, hagdeild, mannauður, stefnumótun og viðskiptaþróun og trygginga- og tölfræðigreining heyra beint undir forstjóra. Allri daglegri starfsemi dótturfélagsins Sjóvár lífs er útvistað til móðurfélagsins. Framkvæmdastjórn skipa forstjóri og framkvæmdastjórar þriggja meginviða félagsins. Framkvæmdastjóri fjármála og þróunar er einnig framkvæmdastjóri Sjóvár lífs sem og annars dótturfélags, Sjóvá Forvarnarhúss, auk þess að vera staðgengill forstjóra.

#### B.1.1.2 Meginvið Sjóvár

Starfseminni er skipt upp í þrjú meginvið, þ.e. fjármál og þróun, sölu og ráðgjöf og tjón. Hver framkvæmdastjóri ber ábyrgð á tilteknu ábyrgðarsviði gagnvart forstjóra:

**Fjármál og þróun** bera ábyrgð á innheimtu og reikningshaldi, uppgjörum, fjárhagsupplýsingum, áætlanagerð, endurtryggingum og upplýsingatækni.

**Sala og ráðgjöf** ber ábyrgð á ráðgjöf, þjónustu og sölu á sviði líf- og skaðatrygginga, útibúum og umboðsneti, markaðsmálum og forvörnum auk stofnstýringar.

**Tjónasvið** ber ábyrgð á tjónaskráningu, uppgjöri tjóna, bótaákvörðunum, tjónaskoðun og endurmati á skráðum tjónum. Undir tjónasvið fellur einnig lögfræðipjónusta.

#### B.1.1.3 Helstu nefndir stjórnkerfisins

##### Áhættu- og öryggisnefnd

Helstu hlutverk nefndarinnar eru að hafa yfirumsjón með að unnið sé að samhæfðri áhættustýringu hjá félaginu, hafa yfirsýn yfir virkni gæðakerfis, innra eftirlits og tryggja að öryggismál séu ávallt í takt við þarfir og uppfylli lög og reglur. Nefndin skal vera stjórn til stuðnings við greiningu og stýringu á áhættum sem felur meðal annars í sér að rýna áhættustefnu, gæðastefnu og stefnu um Eigið áhættu- og gjaldþolsmat (ORSA) í það minnsta árlega. Auk þess hefur nefndin eftirlit með og tekur ákvörðun um eigin áhættu- og endurtryggingavernd að tillögu fjármála og þróunar. Í nefndinni sitja forstöðumaður áhættustýringar og gæðamála, sem jafnframt er formaður nefndarinnar, forstjóri og framkvæmdastjórar.

##### Fjárfestinganefnd

Nefndin gegnir lykilhlutverki í stýringu áhættu tengdri fjárfestingum. Nefndin fjallar um stærri fjárfestingar og tryggir að þær séu í samræmi við fjárfestingastefnu og að dagleg starfsemi fjárfestinga, sem er í höndum forstöðumanns fjárfestinga, séu í samræmi við þær heimildir sem eru til staðar. Forstöðumaður fjárfestinga kynnir yfirlit um stöðu og þróun eignasafns reglulega fyrir stjórnnum félaganna. Nefndin ber einnig ábyrgð á að rýna fjárfestingastefnu og senda til stjórnar til samþykktar að minnsta kosti einu sinni á ári. Í fjárfestinganefnd sitja auk forstjóra, framkvæmdastjóri fjármála og þróunar, forstöðumaður fjárfestinga ásamt staðgengli hans.

##### Endurskoðunarnefndir

Nefndirnar eru skipaðar þremur nefndarmönnum sem kosnir eru af stjórnnum Sjóvár og Sjóvár lífs. Hlutverk nefndanna er meðal annars að hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits, innri endurskoðun, áhættustýringu, gerð reikningsskila, endurskoðun ársreiknings og samstæðureiknings félagsins og viðbrögðum við áhættum. Endurskoðunarnefndir hafa umsjón með mati á innri og ytri endurskoðendum. Starfsreglur endurskoðunarnefnda má finna á vefsíðu Sjóvá.



### Starfskjaranefnd

Nefndin markar starfskjarastefnu sem miðar að því að félagið sé ávallt samkeppnishæft og geti ráðið til sín framúrskarandi starfsfólk. Stefnan nær yfir helstu atriði í starfs- og launakjörum forstjóra, stjórnenda og starfsmanna og skal fylgja jafnréttisstefnu félagsins. Starfskjarastefnu skal endurskoða árlega og skal greiða atkvæði um hana á aðalfundi. Starfskjaranefnd er skipuð fimm nefndarmönnum og starfskjarastefnu má finna á vefsíðu Sjóvá.

### Tilnefningarnefnd

Hlutverk tilnefningarnefndar er að leggja mat á framboð til stjórnar og tilnefna einstaklinga til stjórnarsetu í félaginu. Í störfum sínum skal nefndin vinna að hagsmunum allra hluthafa og gæta þess að einstaklingar sem tilnefndir eru búi sem heild yfir nægilegri þekkingu og reynslu til þess að rækja hlutverk sitt. Þrír nefndarmenn sitja í tilnefningarnefnd sem kjörin er af hluthöfum á aðalfundi annað hvert ár.

### Öryggisteymi UT

Markmið öryggisteymis er að fara yfir öryggismál Sjóvá í upplýsingatækni hverju sinni og fylgja eftir úrbótaverkefnum. Aðilar teymisins gegna lykilhlutverki í úttektum og öryggisprófunum. Öryggisteymið samanstendur af forstöðumanni UT, rekstrarstjóra UT og lykilaðilum í tölvurekstri og hugbúnaðarþróun.

Aðilar sem teymið vinnur náði með eru áhættu- og gæðastjóri Sjóvá og rekstrarstjóri Sjóvá hjá hýsingaraðila.

### Persónuverndarfulltrúi

Sjóvá hefur tilnefnt persónuverndarfulltrúa sem einstaklingar geta haft samband við með öll mál er tengjast vinnslu persónuupplýsinga þeirra og hvernig þeir geta neytt réttar síns samkvæmt lögum um persónuvernd. Að auki starfar samstarfshópur um mál er snúa að persónuvernd og álitamál þar um er upp kunna að koma.

#### B.1.1.4 Lykilstarfssvið

Fjögur lykilstarfssvið eru starfrækt en það eru áhættustýring og gæðamál, starfssvið tryggingastærðfræðings, innri endurskoðun og regluvarsla. Einingarnar áhættustýring, starfssvið tryggingastærðfræðings og regluvarsla heyra beint undir forstjóra. Innri endurskoðun er útvistað og heyrir beint undir stjórn.

**Áhættustýring og gæðamál** hafa yfirumsjón með samhæfðri áhættustýringu og eftirliti og tryggir viðeigandi umgjörð samhæfðar áhættustýringar og gjaldþolsreglna. Einingin heyrir beint undir forstjóra sem tryggir sjálfstæði hennar og hefur einingin víðtækar heimildir til upplýsingaöflunar. Forstöðumaður áhættustýringar og gæðamála ber einnig ábyrgð á mótun og verkstjórn með reglum um greiningu áhættuþátta. Hann leiðir vinnu við áhættustefnu félagsins í samstarfi við stjórn og framkvæmdastjórn félagsins, þ.m.t. að skilgreina áhættuvilja og þolmörk með stjórn. Einnig leiðir hann áhættu- og öryggisnefnd sem m.a. mótar áhættustefnu félagsins og endurskoðar hana. Nefndin hefur eftirlit með að reglum um áhættustýringu sé framfylgt og ber ábyrgð á því að gripið sé til viðeigandi aðgerða. Forstöðumaður áhættustýringar og gæðamála ber ábyrgð á eftirliti með áhættustefnum. Auk þeirra krafna um hæfi og hæfni sem getið er í lögum nr. 100/2016 um váttryggingastarfsemi er gerð krafa um víðtæka þekkingu á áhættustýringu og umtalsverða reynslu af störfum á sviði áhættustýringar.

**Tryggingastærðfræðingur** er forstöðumaður trygginga- og tölfraðigreiningar og ber meðal annars ábyrgð á útreikningi á váttryggingaskuld. Eftirfarandi þættir eru m.a. á starfssviði tryggingastærðfræðings auk ofangreinds: Mat á gæðum gagna sem notuð eru við útreikninga á váttryggingaskuld. Upplýsir stjórn um áreiðanleika váttryggingaskuldar. Gefur álit á áhættutöku félagsins vegna váttrygginga. Gefur álit á endurtryggingavernd félagsins. Ber ábyrgð á útreikningi gjaldþolskröfu SCR. Þá eru skýrslur til FME unnar í einingunni sem og skýrslur um eigið áhættu og gjaldþolsmat og skýrsla um gjaldþol og fjárhagslega stöðu í samvinnu við áhættustýringu. Þá eru einnig unnar ítarlegar afkomugreiningar og endurskoðun iðgjaldaskráa í tengslum við þær.

Innri endurskoðun er útvistað. Stjórn Sjóvá ræður innri endurskoðanda og endurskoðunarnefnd metur óhæði hans. Innri endurskoðun veitir óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf sem er virðisaukandi og bætir rekstur félagsins. Innri endurskoðandi hefur ótakmarkaðan aðgang að öllum þáttum í starfsemi Sjóvá sem tryggir að hann nái markmiðum endurskoðunar. Innri endurskoðandi fer yfir niðurstöður sínar á fundi með stjórnendum annars vegar og endurskoðunarnefnd og stjórn hins vegar. Innri endurskoðun var útvistað til Ernst & Young ehf. á árinu 2018. Formaður endurskoðunarnefndar er ábyrgðarmaður vegna útvistunar.

Regluvarsla ber ábyrgð á að fylgjast með og meta reglulega stefnur, verkferla og verklagsreglur Sjóvár sem miða að því að félagið, stjórn og starfsmenn þess starfi í samræmi við lög, reglur og önnur stjórnvaldsfyrirmæli. Regluvörður metur áhrif lagabreytinga á starfsemi félagsins og veitir ráðgjöf til stjórnar og starfsmanna. Stjórn skal ráða regluvörð eða staðfesta formlega ráðningu hans og er hann því sjálfstæður í störfum sínum. Regluvörður mótarg og viðheldur hlítungarstefnu og hlítungaráætlun. Hann ber ábyrgð á eftirliti með hlítungaráhættu og að hún sé auðkennd og metin innan félagsins. Þá hefur hann umsjón með því að reglum félagsins um viðskipti innherja og meðferð innherjaupplýsinga sé framfylgt og að eftirfylgni sé í samræmi við lög um verðbréfavíðskipti og reglur Fjármálaeftirlitsins nr. 1050/2012 um meðferð innherjaupplýsinga og viðskipti innherja. Innri endurskoðandi skal hafa eftirlit með störfum regluvarðar.

---

#### B.1.2 HELSTU BREYTINGAR Á ÁRINU 2020

Meginsvið félagsins eru þrjú og er það óbreytt frá fyrra ári.

---

#### B.1.3 STARFSKJARASTEFNA

Starfskjarastefnan nær yfir helstu atriði í starfs- og launakjörum forstjóra, stjórnenda og starfsmanna. Við framkvæmd stefnunnar skal jafnframt farið eftir mannréttindastefnu Sjóvár.

##### Starfskjör stjórnarmanna

Starfskjör stjórnarmanna eru ákveðin fyrir komandi starfsár á aðalfundi félagsins ár hvert. Skulu laun stjórnarmanna taka mið af þeim tíma sem þeir þurfa að verja til starfans og þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir.

##### Starfskjör

Starfskjör allra starfsmanna skulu ítarlega tilgreind í skriflegum ráðningarsamningi þar sem skýrt kemur fram hver eru föst laun, lífeyrisréttindi, orlof, önnur hlunnindi og uppsagnarfrestur.

Einungis er heimilt við sérstök skilyrði, að mati stjórnar, að gera sérstakan starfslokasamning við forstjóra. Skal færa þá ákvörðun til bókar á stjórnarfundi ásamt röksemdum. Það sama á við um æðstu stjórnendur.

Laun og hlunnindi forstjóra, lykilstjórnenda og stjórnar samstæðunnar greinast þannig:

	2020		2019	
	Laun og hlunnindi	Mótframlag í lífeyrissjóð	Laun og hlunnindi	Mótframlag í lífeyrissjóð
Björgólfur Jóhannsson, stjórnarformaður* .....	7.173	825	6.290	723
Hildur Árnadóttir, stjórnarmaður fyrrv. formaður .....	6.515	749	3.885	447
Guðmundur Örn Gunnarsson, stjórnarmaður .....	3.658	421	0	0
Ingi Jóhann Guðmundsson, stjórnarmaður .....	4.590	528	4.400	506
Ingunn Agnes Kro, stjórnarmaður .....	3.658	421	0	0
Heimir V. Haraldsson, fyrrv. stjórnarmaður .....	925	106	4.400	506
Hjördís E. Harðardóttir, fyrrv. stjórnarmaður .....	925	106	4.400	506
Erna Gísladóttir, varam., fyrrv. stjórnarmaður og stjórnarform. ....	1.318	152	2.490	286
Tómas Kristjánsson, fyrrv. stjórnarmaður .....	0	0	875	101
Garðar Gíslason, varamaður .....	385	44	370	43
Hermann Björnsson, forstjóri .....	53.031	9.024	50.421	8.653
Þrír framkvæmdastjórnar .....	102.525	17.122	97.321	16.039

Mynd 17- Laun og hlunnindi 2020

\* Björgólfur Jóhannsson vék tímabundið úr stjórn Sjóvá 19. nóvember 2019. Hildur Árnadóttir, stjórnarmaður, tók við stjórnarformennsku í félaginu í stað Björgólfs og Erna Gísladóttir, varamaður í stjórn Sjóvá, tók sæti í stjórn félagsins.

Í árslok 2020 áttu forstjóri og framkvæmdastjórnar félagsins 3.109 þús. hluti í félaginu og hlutafé í Sjóvá í eigu stjórnarmanna og tengdra félaga voru 194.041 þús. hlutir.

#### Hvatakerfi

Stjórn er heimilt að greiða starfsmönnum og stjórnendum árangurstengdar greiðslur á grundvelli sérstaks kaupaukakerfis sem stjórnin samþykkir að fengnu álitni starfskjaranefndar.

Ekki eru nein slík ákvæði í gildi. Þá hafa engir kaupréttarsamningar verið gerðir við stjórnendur. Engin sérstök eftirlaunaákvæði eru fyrir hendi er varða snemmtekin eftirlaun einstakra starfsmanna.

#### B.1.4 VEIGAMIKIL VIÐSKIPTI (LYKILSSTARFSMANNA OG STJÓRNAR)

Hluti lykilstarfsfólks á hlutafé í Sjóvá en engin viðskipti áttu sér stað með þá hluti á árinu 2020. Regluverði barst engin tilkynning frá innherjum vegna fyrirhugaðra viðskipta á árinu 2020.

Viðskipti við tengda aðila, þ.e. við aðila sem hafa veruleg áhrif á félagið stjórnarmenn, stóra hluthafa, forstjóra, lykilstjórnendur, endurskoðunarnefnd og aðra aðila þeim tengdum, eru einungis tryggingaviðskipti. Viðskipti við þessa tengdu aðila eru gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila og eru ekki veigamikil. Í heildina eru tekjur vegna tengdra aðila 331 m.kr. og gjöld 140 m.kr. árið 2020.

## B.2 HÆFILEGAR OG VIÐEIGANDI KRÖFUR

### B.2.1 KRÖFUR UM FÆRNI, ÞEKINGU OG SÉRFRÆÐIKUNNAÐTU

Kröfur eru gerðar um færni, þekkingu og sérfræðikunnáttu þeirra er stjórna fyrirtækinu og ábyrgðarmanna lykilstarfssviða þess. Fyrir ráðningu í starf eru skilgreindar kröfur um viðeigandi menntun og reynslu og lagt mat á færni sem fram kemur í ferilskrá viðkomandi. Leitast er við að senda aðila í persónuleikapróf og hæfnismat eftir því sem við á ásamt því að kanna umsagnir meðmælenda. Fyrir upphaf starfstíma skulu aðilar skila inn staðfestingu á menntun og sakavottorði.

### B.2.2 LÝSING Á FERLI TIL AÐ META HÆFI OG HÆFNI

Auk fyrrnefndra krafna í B.2.1 hefur Sjóvá sett fram hæfismat fyrir ábyrgðarmenn lykilstarfssviða sem byggir í grunninn á sömu efnisþáttum og teknir eru fyrir í mati FME á hæfi forstjóra váttryggingafélaga. Er tilgangur hæfismatsins jafnframt sá hinn sami, þ.e. að kanna þekkingu, skilning og viðhorf til helstu efnisatriða sem tengjast starfssviði viðkomandi lykilstarfsmanns. FME metur hæfi forstjóra og stjórnarmanna. Árlegt mat er framkvæmt á hæfi forstjóra og formanna stjórna af hálfu stjórna. Stjórnir framkvæma árlega mat á eigin störfum.

## B.3 ÁHÆTTUSTÝRING OG EIGIÐ GJALDPOLS- OG ÁHÆTTUMAT

### B.3.1 ÁHÆTTUSTÝRINGARKERFI FÉLAGSINS

Áhættustefna lýsir umgjörð samhæfðrar áhættustýringar hjá móðurfélaginu Sjóvá og hjá dótturfélaginu Sjóvá líf. Áhættustefnan er sett í samræmi við lög um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016. Stefnan er rýnd árlega og var núverandi stefna samþykkt af stjórn í desember 2020. Samhæfð áhættustýring er einn af grunnþáttum í stjórnkerfi og felur í sér sjálfsmat á öllum fyrirsjáanlegum áhættum starfseminnar. Samhæfð áhættustýring er höfð til grundvallar í skipulagi og ákvarðanatöku og hefur verklag verið innleitt til að greina, mæla og draga úr og/eða dreifa áhættum sem steðjað geta að í rekstri með það að markmiði að vernda félögin, viðskiptavinum og váttrygðum.

Áhættustýring nær yfir þá áhættuþætti sem notaðir eru við útreikning á gjaldpolskröfu; váttryggingaáhættu, áhættu við eigna- og skuldastýringu, markaðsáhættu, lausafjáraáhættu, samþjöppunaráhættu, rekstraráhættu, eiginfjáraáhættu og áhættu vegna mótaðila og endurtryggingaverndar. Sjóvá hefur skilgreint ábyrgðaraðila og áhættumælivarða fyrir einstaka áhættuþætti ásamt áhættuvilja og þolmörk fyrir mælivarðana.

Áhættuvilji segir til um hvar eftirsóknarvert sé að félagið standi en þolmörk segja til um hvar fullnægjandi er að félagið standi. Ef mæling reynist umfram þolmörk skal forstöðumaður áhættustýringar og gæðamála eða áhættu- og öryggisnefnd upplýst um það. Frávik frá áhættustefnu skulu kynnt stjórn á næsta stjórnarfundi nema frávik á rekstrarhæfi félagsins sem skulu tilkynnt stjórn tafarlaust. Lögð er rík áhersla á ábyrgð stjórnenda á áhættum sem tengjast þeirra ábyrgðarsviði. Þá kemur forstöðumaður áhættustýringar og gæðamála reglulega fyrir stjórn til að fjalla um starfsemi áhættustýringar, áhættuskýrslu og ORSA.

Forstöðumaður áhættustýringar og gæðamála og tryggingastærðfræðingur hafa eftirlit með Solvency II tilskipuninni í Sjóvá. Forstöðumaður áhættustýringar og gæðamála leiðir áhættustýringu og hefur eftirlit með samhæfðri áhættustýringu og áhættumælingum og að unnið sé í samræmi við áhættustefnu. Hann ber einnig ábyrgð á skýrslugjöf

til stjórnar varðandi áhættustýringu. Þá ber forstöðumaður ábyrgð á eigin áhættu- og gjaldþolsmati (ORSA) og hefur eftirlit með að framkvæmdar séu áhættugreiningar á öllum þáttum í starfsemi.


Gæða- og skjalastjóri upplýsir framkvæmdarstjórn mánaðarlega um stöðu áhættugreininga ásamt öðrum þáttum er snúa að innra eftirliti. Farið er yfir hversu margar áhættugreiningar eru í vinnslu eftir sviðum, deildum og áhættustigi. Á þessum fundum fer gæða- og skjalastjóri einnig yfir stöðuna á úrbótaverkefnum sem tengjast áhættugreiningum og öðrum þáttum. Gæða- og skjalastjóri hittir jafnframt hvern framkvæmdarstjóra fyrir sig á 4 til 6 vikna fresti og fer yfir opnar áhættugreiningar og úrbótaverkefni sem snúa að hverjum framkvæmdarstjóra fyrir sig. Áhættustýring og gæðamál sjá um að setja fram tveggja ára áætlun um áhættugreiningar og er sú áætlun lögð fyrir áhættu- og öryggisnefnd annað hvert ár til samþykktar. Áætlunin inniheldur ferla, tölvukerfi og sértækar áhættur ef við á. Ársfjórðungslega leggur forstöðumaður áhættustýringar og gæðamála mat á helstu ytri áhættur í samstarfi við helstu stjórnendur og sérfræðinga félagsins.

Framkvæmdar eru innri úttektir á vinnubrögðum og verklagi reglulega.

Áhættu- og öryggisnefnd endurskoðar reglulega uppbyggingu áhættustýringar, yfirfer helstu áhættur með ábyrgðaraðilum og tekur ákvörðun um umfang endurtryggingaverndar.


Áhættustýring og gæðadeild hefur eftirlit með hlítingu fjárfestingastefnu en hún rammur inn þær fjárheimildir sem stjórn hefur sett. Ársfjórðungslega er lagt mat á gjaldþol en oftar ef þörf krefur. Í reglum um fjárfestingastarfsemi og fjárfestingarstefnu er skilgreint í hvaða tilfellum það er.

Sjónvá hefur komið upp verklagi sem tryggir að stjórnendur og starfsmenn fái þjálfun í að þekkja áhættur sem geta haft áhrif á rekstur, viðskiptavini og váttryggða. Þetta verklag segir jafnframt til um hvernig skuli tilkynna, skrá, meta, mæla, stýra og/eða milda þær áhættur sem um ræðir.



Mynd 18 - Áhættustýring – verklag og nefndir

Seinna hlut árs 2019 vann forstöðumaður áhættustýringar og gæðamála í samvinnu við framkvæmdarstjóra og forstöðumenn að því að kortleggja helstu áhættur félagsins í áhættukort, meta umfang þeirra ásamt því að meta hvar stýringar fyrir hverja áhættu fyrir sig væru staðsettar innan félagsins eða svokallaðar varnarlínur. Á árinu 2020 var þeirri vinnu haldið áfram og voru áhættur yfirfarnar og uppfærðar eftir þörfum. Varnarlínurnar eru þrjár og er tilgangurinn þeirra að lýsa mismunandi hlutverkum áhættustýringar og eftirlitsumhverfisins. Stýringar þar sem eftirlitshlutverkið liggur hjá framkvæmdastjórn og sérstaklega hjá þeim framkvæmdarstjórum sem bera ábyrgðina á áhættunni kallast varnarlína eitt. Þessir aðilar bera ábyrgð á að meta, stýra og minnka áhættuna. Stýringar þar sem eftirlitshlutverkið liggur hjá einingum sem falla undir stjórnkerfið kallast varnarlína tvö. Einingarnar sem falla þarna undir eru stjórn, áhættustýring, endurkoðunarnefnd, regluvörður, tryggingastærðfræðingur ásamt innri úttektum og gæðakerfinu. Að lokum er varnarlína þrjú. Undir þá varnarlínu falla ytri endurskoðendur, innri endurskoðendur og ýmsir vottunaraðilar. Hlutverk varnarlínu þrjú er að tryggja vinnu eininga sem falla undir varnarlínu eitt og tvö og að meta skilvirki þeirra. Mikilvægt er að allar þrjár varnarlíurnar vinni þétt saman og þá skapast skilvirkt eftirlitskerfi og stjórnkerfi. Einnig lagði framkvæmdarstjórn mat á þær áhættur sem skipta reksturinn hvað mestu máli og eru stærstar á líðandi stundu, svokallaðar ORSA áhættur.



Mynd 19 - Varnarlínur

### B.3.2 EIGIÐ ÁHÆTTU- OG GJALDPOLSMAT

Að minnsta kosti árlega er framkvæmt eigið áhættu- og gjaldpolsmat (ORSA) til að meta virkni áhættustýringar og gjaldpolskröfu, bæði núverandi sem og sýn til framtíðar. Matið er einnig framkvæmt við stórfelldar breytingar eða þegar nýjar áhættur yfir ákveðnu umfangi greinast eða skapast í rekstri eða starfsemi. Í fjárfestingareglum kemur fram að fari gjaldpolslutfall undir skilgreindan áhættuvilja stjórnar þá skuli fara fram nýtt áhættu- og gjaldpolsmat.

Í tengslum við gerð rekstraráætlunar er stillt upp efnahagsreikningi sem lýsir sýn Sjóvá til þriggja ára. Niðurstaðan er kynnt stjórn til samþykktar og liggur því til grundvallar stefnumótun. Stjórn og framkvæmdastjórn koma að yfirferð og mati á stærstu áhættum og er markvisst unnið að því að tilgreina, meta og mæla þær áhættur sem félagið samþykkir.

Gjaldpolskröfur Sjóvá og Sjóvá lífs eru reiknaðar samkvæmt svokallaðri staðalreglu sem gefin er út af EIOPA (European Insurance and Occupational Pension Authority) og lagt mat á hve vel reglan á við starfsemi og áhættusnið. Markmiðið er að leggja mat á hvort reiknað heildargjaldpól sé nægilegt miðað við undirliggjandi áhættur. Á heildina litið telur Sjóvá staðalregluna lýsandi fyrir áhættusnið samstæðunnar þó ákveðnir þættir séu kannaðir sérstaklega. Í eigin áhættu- og gjaldpolsmati eru þeir þættir útlistaðir

og eigið mat á gjaldpolskröfunni birt. Sjóvá metur niðurstöðu beggja útreikninga en styðst við niðurstöður staðalreglunnar. Heimilt er skv. 104. gr. laga nr. 100/2016 að nota eigið líkan telji Sjóvá áhættusnið víkja verulega frá staðalreglunni. Ekki eru áform hjá Sjóvá að sækja um eigið líkan.

## B.4 INNRA EFTIRLIT HJÁ SJÓVÁ OG REGLUVARSLA

### B.4.1 Innra eftirlitskerfi

Innra eftirlitskerfi Sjóvár er ferli sem mótað er af stjórn, stjórnendum og starfsmönnum. Komið hefur verið á virku innra eftirlitskerfi sem á að tryggja að Sjóvá nái settum markmiðum sínum, bæði fjárhags- og stjórnunarlegum, að veittar séu réttar og áreiðanlegar fjárhagsupplýsingar og að starfað sé í samræmi við lög, reglugerðir og innri reglur. Eftirlitskerfið byggir meðal annars á skráningu og meðhöndlun á áhættum, ábendingum, áhættugreiningum, úrbótaverkefnum, sem og athugasemdum innri úttekta, endurskoðenda og annarra eftirlitsaðila.

Reglulega er farið yfir skráningar í kerfinu í áhættu- og öryggisnefnd. Þessi atriði geta orðið hluti af þeim áhættum sem félagið telur vera helstu áhættur félagsins. Endurskoðunarnefndir hafa eftirlit með fyrirkomulagi og virkni innra eftirlitsins. Innri endurskoðendur framkvæma endurskoðun og úttektir til að tryggja hæfilega vissu um að Sjóvá nái árangri og skilvirkni í starfseminni. Innri úttektir eru framkvæmdar af starfsmönnum sem hafa fengið sérstaka þjálfun til þess. Tilgangur innri úttekta er að sannreyna hvort að unnið sé eftir skráðum stefnum, reglum og verkferlum.

Í gegnum gæðakerfi hefur Sjóvá innleitt skilvirkt stjórnkerfi sem inniheldur skráð verklag og skýra skiptingu ábyrgðar. Gæðakerfið gegnir lykilhlutverki í stýringu áhættu. Stjórnendur bera ábyrgð á að starfsmenn fylgi skráðu verklagi í gæðakerfinu en áhersla er lögð á að hver og einn starfsmaður beri ábyrgð á gæðum vinnu sinnar, þjónustu og upplýsingaöryggi. Öll skjöl í gæðakerfi hafa ábyrgðaraðila sem skal rýna þau árlega. Fylgst er með framkvæmd verklags í reglulegum innri úttektum sem og í innri og ytri endurskoðun. Forstöðumaður áhættustýringar og gæðamála ber ábyrgð á því að gæðakerfið sé virkt og sé áreiðanlegur vegvisir fyrir starfsfólk.

### B.4.2 REGLUVARSLA

Regluvörður er skipaður af stjórn og hefur hann eftirlit með skráningu innherja og að reglum um viðskipti þeirra og skráningu sé fylgt. Hann hefur eftirlit með breytingum á almennum lögum og reglum er varðar starfsemina og hlítingu við þær. Mótuð og innleidd hefur verið hlítingarstefna og hlítingaráætlun.

## B.5 STARFSSVIÐ INNRI ENDURSKOÐANDA

Stjórnir Sjóvár og Sjóvár lífs ráða innri endurskoðanda en endurskoðunarnefndir meta óhæði hans og hafa eftirlit með störfum hans. Árlega leggur innri endurskoðandi fram endurskoðunaráætlun til samþykktar af endurskoðunarnefndum og stjórnnum en áætlunin er hluti af þriggja ára endurskoðunaráætlun. Innri endurskoðandi hefur ótakmarkaðan aðgang að öllum þáttum í starfsemi Sjóvá sem tryggir að hann nái markmiðum endurskoðunar. Innri endurskoðandi hefur samskipti við ytri endurskoðanda og fær ytri endurskoðandi aðgang að skýrslum innri endurskoðanda þegar niðurstöður liggja fyrir. Helstu verkefni innri endurskoðunar er að greina og meta hvort eftirlitsferlar eða -kerfi séu viðeigandi og skilvirk. Skýrslur innri endurskoðanda eru kynntar stjórnendum, afhentar og kynntar endurskoðunarnefndum til umsagnar áður en þær eru kynntar

stjórnnum. Innri endurskoðandi fundar reglulega með forstjóra, framkvæmdastjóra Sjóvárlífs, endurskoðunarnefndum og stjórnnum. Árlega er haldinn sérstakur fundur þar sem stjórn, endurskoðunarnefnd og ytri og innri endurskoðendur fjalla um innra eftirlit og áhættustýringu.

Innri endurskoðun er útvistuð hjá Sjóvá til Ernst & Young ehf. og sjá þær Margrét Pétursdóttir, Ágústa Berg og Ingigerður Stella Logadóttir um innri endurskoðun.

#### B.6 STARFSSVIÐ TRYGGINGASTÆRÐFRÆÐINGS

Tryggingastærðfræðingur er forstöðumaður trygginga og tölfraeðigreiningar hjá Sjóvá og leiðir starfssvið tryggingastærðings. Helstu verkefni einingarinnar eru útreikningur vátryggingaskuldar, útreikningur á gjaldþolskröfu og lágmarksfjármagni, gæði gagna, skýrsluskil til FME, afkomugreiningar og iðgjaldaskrár, aðkoma að eigin- áhættu og gjaldþolsmati í samvinnu við áhættustjóra auk þess að gefa álit á áhættutöku og endurtryggingavernd.

#### B.7 ÚTVISTUN

Sjóvá útvistar rekstrar- og þróunarverkefnum, sem og vinnslu upplýsinga að hluta eða öllu leyti ef það er talið leiða til eins eða fleiri eftirtalinna þátta: minni áhættu, aukins öryggis, lægri kostnaðar og/eða aukinna afkasta.

Sjóvá framkvæmir áhættugreiningu fyrir þau verkefni sem til stendur að útvista og tryggir þannig að ávallt sé tekið tillit til áhættustefnu félagsins.

Regluvörður eða lögfræðiráðgjöf veitir ráðgjöf við samningagerð og tryggir þannig að tekið sé tillit laga, reglna og annarra viðmiða s.s. tilmæla FME.

Sjóvá tryggir að það sé ávallt næg yfirsýn og kunnátta til þess að unnt sé að hafa eftirlit með útvistuninni og taka yfir framkvæmd útvistaðra verkefna eða útvista þeim til annars aðila ef nauðsyn krefur.

Sjóvá telur að stjórnkerfið sé virkt og fullnægjandi og er það mat í samræmi við niðurstöður innri úttekta sem framkvæmdar eru reglulega sem og árlega úttekta innri og ytri endurskoðenda.

Eftirfarandi verkefnum hefur verið útvistað: innri endurskoðun, hýsingu og grunnrekstri upplýsingakerfa, reglulegum öryggisúttektum á ytra neti og milliinnheimtu vanskilakrafna.

#### B.8 AÐRAR UPPLÝSINGAR UM STJÓRNKERFI

Ekki er um aðrar veigamiklar upplýsingar um stjórnkerfi að ræða en þær sem fram koma í köflum B.1-B.7.



## C Áhættusnið

### SAMANTEKT ÁHÆTTUSNIÐS

Áhættustefna lýsir umgjörð samhæfðrar áhættustýringar hjá Sjóvá-Almennum tryggingum hf., móðurfélaginu og hjá dótturfélaginu Sjóvá-Almennum líftryggingum hf. Áhættustefnan var sett saman í samræmi við lög um váttryggingastarfsemi nr. 100/2016. Stefnan er rýnd árlega og var núverandi stefna samþykkt af stjórn í desember 2020.

Auk áhættustefnu hafa verið settar stefnur fyrir helstu áhættuþætti en þeir eru váttryggingaáhætta, áhætta við eigna- og skuldastýringu, markaðsáhætta, lausfjárahætta, samþjöppunaráhætta, rekstraráhætta, eiginfjárahætta, og áhætta vegna mótaðila og endurtryggingaverndar. Sjóvá hefur skilgreint ábyrgðaraðila og stýringar fyrir einstaka þætti sem skilgreindir eru í viðeigandi stefnum.

Framkvæmdastjórn mótar og samþykkir reglulega mælikvarða sem fylgjast skal með sem tryggja hlítinu við áhættustefnu Sjóvá. Einnig er samþykkt hversu oft skal framkvæma mælingar fyrir hvern mælikvarða og hvaða aðili framkvæmdastjórnar ber ábyrgð á því að haldið sé utan um mælingar.

Framkvæmdastjórn skilgreinir þolmörk fyrir þá mælikvarða sem við á, en aðrir mælikvarðar eru frekar ætlaðir til þess að fylgjast með þróun milli tímabila. Þolmörk skulu sett með tilliti til þess hvað framkvæmdastjórn telur starfsemina þola, þ.e. hvenær talin er ástæða til að flagga í áhættuskýrslu til stjórnar. Mótun þolmarka skal taka mið af skilgreindum áhættuvilja stjórnar en áhættuvilji stjórnar segir til um hvar eigendur félagsins telja eftirsóknarvert að félagið standi.

Ef niðurstöður mælinga hjá framkvæmdastjóra leiða í ljós að mælikvarði liggur utan þolmarka ber honum að upplýsa áhættustjóra og/eða áhættu- og öryggisnefnd félagsins. Áhættustjóri tilkynnir stjórn frávikid strax eða í síðasta lagi í næstu ársfjórðungslegu áhættuskýrslu.

Í áhættuskýrslu sem er gefin út ársfjórðungslega og kynnt stjórn má finna mælikvarða sem taldir eru endurspeglja þróun áhættu félagsins.

### C.1 VÁTTRYGGINGAÁHÆTTA

#### C.1.1 VEIGAMIKLIR ÁHÆTTUÞÆTTIR

Áhættan sem felst í hverjum váttryggingasamningi samanstendur af áhættu á að váttryggður atburður eigi sér stað og óvissu um endanlega tjónsfjárhæð. Sjóvá hefur skilgreint váttryggingaáhættu sem áhættuna á tapi eða ófyrirséðri breytingu á virði váttryggingaskuldbindinga vegna ófullnægjandi verðlagningar eða mats á váttryggingaskuld. Helstu áhættuþættir váttryggingaáhættu eru sala váttrygginga og áhættumat, vöruþróun og verðlagning, afgreiðsla tjóna og mat á váttryggingaskuld.

Áhættan við sölu er að ófullnægjandi áhættumat liggja til grundvallar þannig að verðlagning sé ekki í samræmi við áhættutöku. Einnig er hætta á að skráðu verklagi og verðstefnu sé ekki fylgt, sem og að misræmi sé á milli skilmála og þeirrar vöru sem viðskiptavinur telur sig vera að kaupa.

Áhættan við vöruþróun og verðlagningu er að iðgjaldaskrá og verðstefna endurspeglar ekki váttryggingalega áhættu.

Áhættan við afgreiðslu tjóna er að bótaskylda sé ranglega ákvörðuð eða rangar bótafjárhæðir greiddar.

Áhættan við ófullnægjandi mat á váttryggingaskuld er að skuldin reynist verða hærri en mat gerir ráð fyrir.

---

## C.1.2 LÝSING Á AÐFERÐUM VIÐ MAT Á ÁHÆTTUÞÁTTUM

---

### ÁHÆTTA VIÐ SÖLU VÁTRYGGINGA OG ÁHÆTTUMAT

Starfsmenn skulu fylgja skráðu verklagi við sölu og ráðgjöf og tryggja þar með rétt og samræmd vinnubrögð. Áhættumat er lagt til grundvallar nýsölu. Verðlagning miðast við gögn um áhættu tjónasögu og skal fylgja verðstefnu.

Áhættunni er stýrt með ferlum sem fylgja ber í sölu á tryggingum og því áhættumati sem þar kemur fram. Helsta áhættan er að ekki reynist mögulegt að ná fullnægjandi iðgjöldum vegna markaðsaðstæðna eða vegna þess að mat á nægjanlegu iðgjaldi er ekki rétt.

Áhættan sem tekin er er takmörkuð með því að kaupa endurtryggingar á þeim áhættum sem metnar eru stærstar hjá félaginu. Ef tjónatíðni er vanmetin mun það koma niður á afkomu félagsins en endurtryggingavernd félagsins miðar að því að minnka tjónakostnað félagsins í stórum tjónum en tekur almennt ekki á tjónatíðni.

---

### ÁHÆTTA VEGNA VERÐLAGNINGAR OG VÖRUÞRÓUNAR

Til að tryggja rétta verðlagningu er reglulega fylgst með afkomu einstakra vátryggingagreina. Ef afkoma er ófullnægjandi eða tekur miklum breytingum er gerð ítarleg afkomugreining. Árlega eru iðgjaldaskrár metnar og endurskoðaðar eftir þörfum með hliðsjón af fyrirliggjandi afkomugreiningum og er verðstefna byggð á niðurstöðum þeirra greininga. Leitast er við að tryggja að gæði gagna sem lögð eru til grundvallar séu fullnægjandi, viðeigandi og áreiðanleg og í samræmi við stefnu þar um. Gerð og uppfærsla skilmála fylgir skráðu verklagi.

Helstu áhættuþættir í verðlagningu er mat á væntu meðaltjóni, tjónatíðni eða samþjöppun áhættna. Rangt mat á væntu meðaltjóni getur m.a. stafað af breyttri tækni, breyttri samsetningu tjóna eða röngum verðbólguforsendum. Vanmat á tjónatíðni getur orsakast af breyttu umhverfi, tæknibreytingum eða breytingum á efnahagslegum aðstæðum. Samþjöppun áhættna getur stafað af einum atburði t.d. heimsfaraldri, ofsaveðri eða stórbruna.

---

### ÁHÆTTA VEGNA AFGREIÐSLU TJÓNA

Til að tryggja að greidd tjón séu í samræmi við skilmála og að tjónakröfur séu afgreiddar innan settra tímamarka, skal starfsfólk fylgja skráðu verklagi um skráningu tjóna, móttöku tjónstilkynninga, mati á bótaskyldu og bótafjárhæðum. Í siðareglum félagsins er m.a. kveðið á um að starfsfólk eigi ekki að afgreiða sig sjálft vegna eigin viðskipta, náinna skyldmenna eða vina.

---

### ÁHÆTTAN VIÐ ÓFULLNÆGJANDI MAT Á VÁTRYGGINGASKULD

Helstu áhættuþættir við mat á vátryggingaskuld eru breytingar á uppgjöri og afgreiðslu tjóna, lagalegur ágreiningur sem breytir uppgjörsaðferðum og áhrif vaxtabreytinga og verðbólgu á greinar sem hafa langan uppgjörstíma (e. long-tail). Þar ber helst að nefna lögboðnar ökutækjatrýggingar, ábyrgðartryggingar og atvinnuslysatrýggingar. Mótvægi við hækkun tjónaskuldar vegna vaxta- og verðbólguáhrifa eru milduð með fjárfestingum í verðtryggðum eignum.

Vátryggingaskuld skiptist upp í tjónaskuld, iðgjaldaskuld og ágóðahlutdeild.

Tjónaskuld: Tjónaskuld er reiknuð ársfjórðungslega. Heildarskuld er reiknuð niður á Solvencyflokka og farið yfir þróun áætlana og greiðslna þess á milli. Niðurstaðan er borin saman við greidd tjón og áætlun tjónadeildar eftir hagnaðarstöðvum og tjónsárum.

Iðgjaldaskuld: Í ársfjórðungslegum útreikningi á gjaldþolskröfu (SCR) er iðgjaldaskuld reiknuð samkvæmt reglum Solvency II. Sú iðgjaldaskuld er einungis notuð í SII efnahagsreikningi sem er grunnur að gjaldþoli.

Ágóðaskuld: Í ágóðaskuld er áætluð stofnendurgreiðsla. Hluti iðgjalda er færður í ágóðaskuld og kemur til greiðslu 13 mánuðum síðar til tjónlausra viðskiptavina.

---

### C.1.3 VEIGAMIKIL SAMPJÖPPUN

Uppsöfnun tjóna tengt einum atburði getur verið mikil og orsakað stórtjón. Endurtryggingavernd félagsins miðar að því að lágmarka tjón í hluta félagsins og kaupir endurtryggingavernd gegn stórtjónum í öllum váttryggingaflokkum. Atburður sem getur valdið stórtjóni er t.d. ofsaveður á öllu landinu, heimsfaraldur eða stórslys.

Samþjöppun getur einnig átt sér stað ef margar áhættur koma fyrir á einum stað eins og kemur fyrir í eignatryggingum. Ef samanlögð váttryggingarfjárhæð (samáhætta) í brunatryggingu, lausafjártryggingu, og/eða rekstrarstöðvunartryggingu er hærri en 3.000 m.kr. skal fara fram sérstök áhættuskoðun sem byggð er á væntu hámarkstjóni EML (e. estimated maximum loss). Ef áhætta fer yfir áhættuvilja félagsins þá er keypt sérstök endurtryggingavernd.

Til viðbótar við ofangreinda endurtryggingavernd er keypt vernd fyrir skilgreindan 200 metra atburð samkvæmt Solvency II. Sá atburður miðast við stórbruna þar sem tiltekin er hæsta samanlagða váttryggða fjárhæð sem félagið er berskjaldað fyrir og rúmast innan 200 metra geisla miðað við gefna staðsetningu.

Í persónutjónum er keypt endurtryggingavernd ef stórslys verður sem ekki er ökutækjaslys en ökutækjaslys falla undir aðra endurtryggingasamninga.

---

### C.1.4 LÝSING Á ÁHÆTTUVÖRNUM OG VÖKTUN

Allir endurtryggjendur skulu hafa lánshæfiseinkunn ekki lægri en A- hjá S&P eða sambærilegt frá öðrum matsfyrirtækjum. Komi til ósk um undanþágu þar á þarf Áhættu- og öryggisnefnd að samþykkja hana. Sérstök áhersla er lögð á að kortleggja allar samáhættur, þ.e. heildar váttryggingarfjárhæð sem tengjast geta í sama atburði, þannig að öruggt sé að endurtryggingarvernd falli innan almennra (sjálfvirkra) endurtryggingasamninga félagsins ellegar keyptar verða sérstakar endurtryggingar þar á.

Áhættu- og öryggisnefnd tekur afstöðu til tilboða um endurtryggingar ásamt því að fara yfir álit tryggingastærðfræðings á gæðum endurtryggingaverndarinnar í samræmi við 272. grein reglugerðar 2015/35/EB og ákvarðar hvort félagið samþykki þá skilmála og eigin áhættu sem lögð er til.


Árlega skal tryggingastærðfræðingur taka saman áhrif reynslu á útreikninga váttryggingaskuldar. Tryggingastærðfræðingur skal yfirfara forsendur þeirra útreikninga sem notaðir eru við mat á váttryggingaskuld og bera saman við reynslu. Sé kerfisbundinn munur á besta mati á váttryggingaskuld og reynslu váttryggingafélags skal gera viðeigandi breytingar á þeim tryggingastærðfræðilegu aðferðum sem notaðar eru og, ef við á, þeim forsendum sem lagðar eru til grundvallar matinu.

---

### C.1.5 NÆMNIGREINING

Atburðir sem geta haft verulegar afleiðingar á afkomu váttryggingareksturs geta verið af ýmsum toga og hafa þær helstu verið tilgreindar hér að framan. Engu að síður er mikilvægt að vera stöðugt á varðbergi og fara yfir helstu áhættur sem geta steðjað að og munu hafa áhrif á afkomu félagsins. Þá er mikilvægt að gera sér grein fyrir umfangi áfalls og hve stórt það gæti orðið án þess að rekstur félagsins sé beinlínis í hættu.

Áhrif á gjaldþolshlutfall ef vanmat tjónaskuldar reynist vera 10% annars vegar og 20% hins vegar koma fram í eftirfarandi töflu:



Mynd 20 - Gjaldþolshlutfall næmnigreining váttryggingaáhætta

Í ársreikningi félagsins eru eftirfarandi áhættur skoðaðar og áhrif breytinga á afkomu hennar:

- Tjónatíðni +/-1% 1.405 m.kr
- Meðaltjón +/-1% 134 m.kr
- Of/vanmat tjónaskuldar í langtímagreinum +/-10% 1.496 m.kr
- Iðgjöld +/-1% 185 m.kr

## C.2 MARKAÐSÁHÆTTA

### C.2.1 VEIGAMIKLIR ÁHÆTTUÞÆTTIR

Sjóvá hefur skilgreint markaðsáhættu sem áhættuna á tapi eða ófyrirséðri breytingu á verðmati á fjáreignum. Helstu áhættuþættir félagsins er hlutabréfaáhætta, vaxtaáhætta og vikáhætta.

Hlutabréfaáhætta – Áhættan er mikil lækkun hlutabréfa félagsins sem myndi hafa áhrif á afkomu og gjaldþolshlutfall félagsins. Áhrifin af mikilli lækkun á gjaldþolshlutfallið yrðu enn meiri ef erlendir markaðir myndu hækka á sama tíma, þannig að eiginfjárbinding vegna þessara sömu bréfa myndi aukast, en þróun evrópskra hlutabréfa hefur áhrif á gjaldþolskröfu vegna hlutabréfaáhættu.

Vaxtaáhætta – Áhættan er mikil breyting á virði skuldabréfa félagsins sem myndi hafa neikvæð áhrif á afkomu og gjaldþolshlutfall félagsins.

Vikáhætta – Áhættan er mikil breyting á álagi skuldabréfa umfram vaxtaferil ríkisskuldabréfa. Breytingar á álagi geta m.a. stafað af umtalsverðum breytingum í áhættumati fjárfesta (e. „flight-to-quality“) þ.e. þegar fjárfestar selja eignir sem þeir telja áhættusamar (fyrirtækjaskuldabréf) og kaupa í staðinn áhættuminni eignir (ríkisskuldabréf).

---

### C.2.2 LÝSING Á AÐFERÐUM VIÐ MAT Á ÁHÆTTUÞÁTTUM

Samstæðan uppfyllir varfærnisregluna með settum fjárfestingastefnum og -reglum og verklagi sem lýtur að eftirliti og framkvæmd fjárfestingastefnu annars vegar fyrir móðurfélagið og hins vegar fyrir líftryggingafélagið. Markmið fjárfestingastefnu og reglna um eignastýringu er að stuðla að því að félögin eigi traustar og seljanlegar eignir á móti eigin tjónaskuld og að eignasöfn félaganna taki mið af áhættuvilja stjórnar og fjármagnsskipan. Reglunum er ætlað að styðja við og tryggja að fjárfestingar félagsins séu varfærnar og ábyrgar og að ákvarðanir um þær séu faglegar.

Samkvæmt fjárfestingastefnu og reglum um eignastýringu er um aðskilin eignasöfn að ræða, annars vegar fyrir móðurfélagið og hins vegar fyrir líftryggingafélagið. Eignasöfnin skulu að lágmarki innihalda auðseljanlegar eignir (laust fé, ríkisskuldabréf, sértryggð skuldabréf og önnur skuldabréf fjármálastofnana) fyrir því sem nemur 12 mánaða meðaltali eigin tjónaskuldar félaganna. Þessar eignir eru allar í íslenskum krónum og í vörslu á Íslandi. Líftími skuldabréfasafns félaganna er mældur mánaðarlega fyrir móðurfélagið og ársfjórðungslega fyrir líftryggingafélagið og borinn saman við líftíma eigin tjónaskuldar hvors félags fyrir sig og kynntar fyrir stjórn.

Stjórn ákvarðar vikmörk fjárfestingastefnu fyrir fyrirfram skilgreinda eignaflokka sem endurspeglar áhættuvilja hennar og tryggir jafnframt áhættudreifingu í eignasafninu. Sjálfvirkt eftirlitskerfi heldur utan um hlítu við fjárfestingastefnu og tilkynnir frávik frá fjárfestingastefnu innan sólarhrings frá broti til áhættustjóra og starfsmanna eignastýringar. Þá tekur áhættustjóri mánaðarlega saman yfirlit yfir hlítu og kynnir fyrir stjórn.

Fjárfestinganefnd móðurfélagsins fundar að jafnaði vikulega þar sem m.a. er farið yfir markaðsaðstæður, ávöxtun eignasafnsins, stærstu breytingar frá síðasta fundi ásamt hlítu við fjárfestingastefnu til viðbótar við tilfallandi mál sem borin eru undir fjárfestinganefnd til ákvörðunar.

Fjárfestinganefnd líftryggingafélagsins fundar að jafnaði mánaðarlega þar sem m.a. er farið yfir markaðsaðstæður, ávöxtun eignasafnsins, stærstu breytingar á eignasafninu frá síðasta fundi ásamt hlítu við fjárfestingastefnu til viðbótar við tilfallandi mál sem borin eru undir fjárfestinganefnd til ákvörðunar.

Starfsmenn eignastýringar hafa ekki heimild til að fjárfesta í óskráðum eignum nema að fengnu samþykki stjórnar.

Eignir eru nánast allar skráðar á verðbréfamarkað og þeirra er aflað að undangenginni athugun á hlutfallslegri áhættu og ávöxtun. Að því gefnu að ekki sé um stórfelldar misfellur að ræða í verðlagningu skráðra verðbréfa þá ætti ávöxtunin að vera ásættanleg miðað við áhættu hverju sinni. Áhættan er síðan ákvörðuð með heimildum í fjárfestingastefnu um fjárfestingar í mismunandi eignaflokkum.

---

#### C.2.4 VEIGAMIKIL SAMÞJÖPPUN

Samþjöppunaráhættu er stýrt með dreifingu á milli eignaflokka, en skiptingin er birt í fjárfestingastefnu félagsins. Þá eru efri mörk sett á einstaka eignaflokka eftir útgefendum/mótaðilum. Einnig eru sett efri mörk um hlutfall eftir eðli fjárfestinga.

Staðalregla Solvency II metur samþjöppunaráhættu eigna félagsins. Niðurstöður útreikninga eru birtar í árshlutareikningi þess.

---

#### C.2.5 LÝSING Á ÁHÆTTUVÖRNUM OG VÖKTUN

Eignir sem mæta váttryggingaskuldbindingum skulu vera í samræmi við eðli, gjaldmiðil og líftíma hennar og er því tekið mið af vaxtanæmni. Eignir sem mæta eiga váttryggingaskuldbindingum eru skuldabréf sem gefin eru út af tryggum útgefendum. Líftími váttryggingaskuldbindinga og eigna sem mæta þeim er borinn saman mánaðarlega fyrir móðurfélagið og ársfjórðungslega fyrir líftryggingafélagið. Þá er leitast við að lágmarka greiðslufallsáhættu og áhættuna á að virði eigna haldi ekki í við verðlag með háu hlutfalli ríkistryggðra eigna og háu hlutfalli verðtryggðra eigna eða eigna með breytilegum vöxtum. Eignir sem mæta eiga váttryggingaskuld skulu vera í samræmi við eðli og líftíma váttryggingaskuldbindinga.

Ekki er heimilt að fjárfesta í öðrum eignaflokkum en þeim sem eru tilgreindir í fjárfestingarstefnu félagsins. Sé fjárfest í verðbréfasjóði, samlagshlutafélagi, fagfjárfestasjóði eða öðru félagsformi utan um fjárfestingar, skulu undirliggjandi eignir þess ráða hvort fjárfestingin falli undir fjárfestingarstefnu og þá í hvaða eignaflokk.


Sjálfvirkt eftirlitskerfi heldur utan um hlítu við fjárfestingastefnu og tilkynnir frávik frá fjárfestingastefnu innan sólahrings frá broti til áhættustjóra og starfsmanna eignastýringar. Þá tekur áhættustjóri saman yfirlit yfir hlítu og kynnir fyrir stjórn. Yfirlitin eru mánaðarleg fyrir móðurfélagið og ársfjórðungsleg fyrir líftryggingafélagið.

Regluleg upplýsingagjöf til fjárfestinganefndar og stjórnar er mikilvægur þáttur í vöktun áhættu. Mánaðarlega fær stjórn skýrslur frá forstöðumanni eignastýringar og áhættustjóra.

---

#### C.2.6 NÆMNIGREINING

Fyrir neðan má finna mynd sem sýnir áhrif mismunandi sviðsmynda á gjaldþolshlutfall félagsins. Öll áföll voru fyrst skoðuð ein og sér þ.e. gert var ráð fyrir að allt annað myndi haldast óbreytt (einföldun). Síðan voru einnig skoðuð tvö samsett áföll. Bersýnilegt er að í öllum sviðsmyndum helst félagið yfir lögbundu markmiði um gjaldþolshlutfall (100%).



Mynd 21 - Gjaldþolshlutfall næmnigreining markaðsáhættu

## C.3 KRÖFUÁHÆTTA

### C.3.1 VEIGAMIKLIR ÁHÆTTUÞÆTTIR

Kröfuáhætta (útlánaáhætta, e. credit risk): Hætta á tapi eða óhagstæðum breytingum á fjárhagslegri stöðu sem stafa af sveiflum í lánshæfi útgefanda verðbréfa, mótaðila og annarra sem váttryggingafélag eiga kröfu á. Undir kröfuáhættu fellur mótaðilaáhætta, vikáhætta og samþjöppun markaðsáhættu.

Mótaðilaáhætta vegna fjárfestinga er áhætta sem getur skapast vegna taps eða breytinga á gjaldþolskröfu vegna gjaldþrots eða sveiflna í lánshæfismati mótaðila.

Mótaðilaáhætta vegna endurtrygginga er áhætta á að fjárhagslegur styrkur endurtryggjenda sé ekki nægur til að standa við skuldbindingar.

Áhætta vegna endurtryggingaverndar getur skapast ef einn einstakur tjónsatburður setur fjárhagslegan styrkleika félagsins í hættu.

Sjóvá hefur skilgreint samþjöppunaráhættu sem áhættuna á að of mikil samþjöppun í váttryggingastofni eða eignasafni útsetji félagið fyrir óhóflegri áhættu. Áhættan getur verið fólgin í mismunandi fjármálagerningum og váttryggingasamningum á sama aðila eða aðila sem eru með samleita áhættu.

---

### C.3.2 LÝSING Á AÐFERÐUM VIÐ MAT Á ÁHÆTTUÞÁTTUM

Fjallað er um mótaðilaáhættu vegna fjárfestinga í kafla C.2.

Áhættan vegna endurtrygginga er milduð með að skipta eingöngu við endurtryggjendur með fjárhagslegan styrkleika að lágmarki A- samkvæmt mati S&P. Þá er skuldbindingum dreift með fjölda endurtryggjenda og þátttökuhlutdeild í huga.

Samþjöppunaráhættu vegna váttrygginga er stýrt með víðtæku framboði váttrygginga fyrir einstaklinga og atvinnurekstur, bæði í líf- og skaðatryggingum. Mikilvægt er að ná tilteknum fjölda innan hverrar váttryggingagreinar svo áhætta dreifist nægjanlega. Sjá nánar í kafla C.1.3.

Fjárfestingastefna Sjóvár á að stýra samþjöppunaráhættu vegna fjárfestinga en áhættan er að félagið hafi mikilla fjárhagslegra hagsmuna að gæta gagnvart einum einstökum aðila eða tengdum aðilum. Áhættan getur verið fólgin í mismunandi fjármálagerningum og váttryggingasamningum á sama aðila eða aðila sem eru með samleita áhættu. Sjá nánar um stýringu samþjöppunaráhættu fjárfestinga í kafla C.2.

---

### C.3.3 VEIGAMIKIL SAMÞJÖPPUN

Stærstu kröfuáhættur sem Sjóvá er útsett fyrir er lækun á lánsþæfismati banka sem hefði bein áhrif á gjaldþolskröfu. Sjóvá notar endurtryggingavernd til áhættuvarna og semur aðeins við endurtryggjendur með hátt lánsþæfismati til að tryggja að enginn einn einstakur tjónsatburður geti sett fjárhagslegan styrkleika í hættu. Ef frá er talið stórt hlutabréfaáfall sem nefnt er í markaðsáhættukaflanum er það mat Sjóvár að enginn einn viðskiptavinur/mótaðili geti sett fjárhagslegan styrkleika í hættu.

Vikáhættu í fjárfestingum er haldið innan hóflegra marka að mati félagsins með heimildum til fjárfestinga í skuldabréfum sem ekki eru með ríkisábyrgð í fjárfestingastefnu. Vikáhætta er lítil hluti af markaðsáhættu félagsins og skýrist að miklu leyti af vikáhættu vegna sértryggðra skuldabréfa sem talin eru áhættulítill.

---

### C.3.4 LÝSING Á ÁHÆTTUVÖRNUM OG VÖKTUN

Allir endurtryggjendur skulu hafa lánsþæfiseinkunn ekki lægri en A- hjá S&P. Allar undanþágur frá því þarf Áhættu- og öryggisnefnd að samþykka. Sérstök áhersla er lögð á að kortleggja allar samáhættur, þ.e. heildar váttryggingarfjárhæð sem tengjast geta í sama atburð, þannig að öruggt sé að keypt verði endurtryggingarvernd innan sjálfvirkra samninga eða sem sérendurtryggð áhætta. Sérstaklega skal gæta að undanþágum í sjálfvirkum endurtryggingarsamningum og að samræmi sé við váttryggingarskilmála félagsins sem og að allir hagsmunaðilar (Viðskiptaþróun, Sala og ráðgjöf) séu upplýstir um þær breytingar sem kunna að verða.


Áhættu- og öryggisnefnd tekur afstöðu til tilboða um endurtryggingar ásamt því að fara yfir álit tryggingastærðfræðings á gæðum endurtryggingaverndarinnar í samræmi við 272. grein reglugerðar 2015/35/EB og ákvarðar hvort félagið samþykki þá skilmála og eigin áhættu sem lagt er til.

Lýsing á áhættuvörnum og vöktun tengt fjárfestingum má finna í kafla C.



### C.3.5 NÆMNIGREINING

Fyrir neðan má finna mynd sem sýnir áhrif mismunandi sviðsmynda á gjaldþolshlutfall félagsins. Öll áföll voru fyrst skoðuð ein og sér þ.e. gert var ráð fyrir að allt annað myndi haldast óbreytt (einföldun). Svo var eitt samsett svartsýnt áfall skoðað. Bersýnilegt er að í öllum sviðsmyndum helst félagið yfir lögbundnu markmiði um gjaldþolshlutfall (100%).



Mynd 22 - Gjaldþolshlutfall næmnigreining kröfuáhætta

## C.4 LAUSAFJÁRÁHÆTTA

### C.4.1 VEIGAMIKLIR ÁHÆTTUÞÆTTIR

Sjónvæ skilgreinir lausafjárahættu sem áhættuna á að félagið hafi ekki yfir tiltækum fjármunum að ráða eða geti selt eignir í tæka tíð til að mæta skuldbindingum þegar við á. Lausafjárahætta er skilgreind annars vegar í tengslum við innstæður sem skilgreindar eru til daglegs rekstrar og hins vegar í tengslum við seljanleika fjárfestinga.

Lausafjárstefna félagsins í tengslum við innstæður miðar að því að tryggja fullnægjandi lausafé til þess að standa undir rekstri og tjónum hvers mánaðar og tryggja fullnægjandi ávöxtun þess fjármagns sem umfram er. Stór óvæntur tjónsatburður eða óvænt aukin tjónatíðni á stuttum tíma getur aukið lausafjárþörf.

---

#### C.4.2 LÝSING Á AÐFERÐUM VIÐ MAT Á ÁHÆTTUÞÁTTUM

Skráð verklag tryggir að stýring lausafjár byggi á daglegum og mánaðarlegum áætlunum um inn- og útgreiðslur. Mánaðarlega er fundað um lausafjármál og ákvarðanir teknar um flutning fjár til eða frá fjárfestingum til að tryggja nægilegt lausafé.

Daglegar áætlanir eru til um inn- og útgreiðslur og skilgreindir hafa verið áhættumælikvarðar varðandi lausafjárahættu. Samkvæmt fjárfestingastefnu skulu eignasöfn að lágmarki innihalda auðseljanlegar eignir (laust fé, ríkisskuldabréf, sértryggð skuldabréf og önnur skuldabréf fjármálastofnana) fyrir því sem nemur 12 mánaða meðaltali eigin tjónaskuldar félaganna.

---

#### C.4.3 VEIGAMIKIL SAMÞJÖPPUN

Sjóvá er ekki útsett fyrir mikilli lausafjárahættu sökum þess hve stór hluti eignasafnsins er í auðseljanlegum eignum. Þá eru ákvæði í endurtryggingasamningum um tímamörk greiðslu þess hluta tjóna sem fellur á endurtryggjendur. Þessi ákvæði draga verulega úr lausafjárahættu Sjóvár.

---

#### C.4.4 LÝSING Á ÁHÆTTUVÖRNUM OG VÖKTUN

Stefna félagsins er að Sjóvá geti auðveldlega selt eignir/verðbréf til að standa undir óvæntri lausafjáraþörf ef þurfa þykir. Félagið setur sér það markmið að eiga í það minnsta auðseljanlegar eignir fyrir því sem nemur 12 mánaða meðaltali eigin tjónaskuldar félagsins. Í fjárfestingastefnu er skilgreint hvaða eignir teljast auðseljanlegar.

---

### C.5 REKSTRARÁHÆTTA

---

#### C.5.1 VEIGAMIKLIR ÁHÆTTUÞÆTTIR

Sjóvá skilgreinir rekstraráhættu sem áhættu vegna ófullnægjandi eða gallaðra kerfa, vegna starfsmanna eða annarra innri eða ytri þátta sem leitt geta til fjárhagslegs taps eða verulegra rekstrartruflana. Rekstraráhætta Sjóvár er samsett úr nokkrum þáttum; þ.e. stefnumótunaráhættu, starfsmannaáhættu, áhættu sem skapast vegna upplýsingakerfa eða upplýsingaleka, lagalegrar áhættu og orðsporsáhættu.

---

#### C.5.2 LÝSING Á AÐFERÐUM VIÐ MAT Á ÁHÆTTUÞÁTTUM

Árlega er haldinn stefnumótunarfundur með stjórn, framkvæmdastjórn og helstu sérfræðingum félagsins. Markmiðasetning er unnin árlega samkvæmt skráðu verklagi. Ákvarðanataka og áætlanagerð skal vera í samræmi við stefnumótun og jafnframt taka mið af breytingum á mörkuðum.

Skráðu verklagi er fylgt við ráðningar og brotthvarf starfsmanna, og er starfsmannavelta mæld reglulega. Félagið er með jafnlaunavottun samkvæmt staðlinum ÍST 85:2012 og mælir reglulega starfsánægju. Lögð er rík áhersla á fræðslu og þjálfun, meðal annars til að auka áhættumeðvitund og hlítungu við lög og reglur.

Sjóvá er með vottun samkvæmt alþjóðlega staðlinum ISO 27001:2013 um stjórnun upplýsingaöryggis. Einnig uppfyllir félagið kröfur leiðbeinandi tilmæla FME nr. 1/2019 vegna áhættu við rekstur upplýsingakerfa eftirlitsskyldra aðila.

Regluvörður, ásamt lögfræðipjónustu, hefur eftirlit með breytingum á lögum og reglum sem áhrif geta haft á félagið. Regluvörður ber ábyrgð á að upplýsa framkvæmdastjórn og aðra sem málið varðar um allar laga- og reglugerðarbreytingar eftir þörfum.

Til að draga úr orðsporsáhættu hefur Sjóvá m.a. sett sér verklag varðandi samskipti við fjölmiðla. Allar ábendingar frá viðskiptavinum eru skráðar og brugðist er við þeim.

Stærstu rekstraráhættur Sjóvár tengjast ófyrirséðum tölvuinnbrotum eða kerfisbilunum sem og áhættu í daglegum rekstri. Sjóvá hefur lágmarkað áhættuna með ýmsum hætti, t.a.m. með því að hafa skráð verklag skýrt, en jafnframt með frávikaskráningu og með úttektum innri og ytri aðila. Sjóvá hlaut vottun árið 2014 á upplýsingaöryggi samkvæmt ISO/IEC 27001 staðlinum og hefur haldið þeirri vottun við árlega síðan.

## C.6 AÐRAR ÁHÆTTUR

### C.6.1 VEIGAMIKLIR ÁHÆTTUÞÆTTIR

Öll svið félagsins framkvæma reglulegar áhættugreiningar þar sem farið er yfir helstu áhættur sviðsins, þær greindar, metnar og skoðað hvað gert er til að draga úr því að þær verði virkar.

Sjóvá hefur skilgreint eiginfjárahættu sem áhættunni á að magn og gæði eiginfjár sé ekki nægilegt til þess að mæta skuldbindingum og ófyrirséðum áföllum. Stjórnir Sjóvár og Sjóvár lífs setja sér stefnu um áhættuvilja fyrir gjaldþolshlutföll samkvæmt staðalreglu Solvency II.

### C.6.2 LÝSING Á AÐFERÐUM VIÐ MAT Á ÁHÆTTUÞÁTTUM

Gjaldþolshlutfall samkvæmt staðalreglu er reiknað í það minnsta ársfjórðungslega. Í það minnsta árlega er eigið áhættu- og gjaldþolsmat (ORSA) framkvæmt en þar er meðal annars lagt eigið mat á heildargjaldþolsþörf. Álagspróf eru eftir atvikum unnin við ársfjórðungsuppgjör og í tengslum við eigið áhættu- og gjaldþolsmat.

### C.6.3 LÝSING Á ÁHÆTTUVÖRNUM OG VÖKTUN

Sjóvá er fullfjármagnað með eigin fé. Allir gjaldþolsliðir sem mæta eiga gjaldþolskröfu flokkast í eiginfjárþátt 1. Á það einnig við um aðra viðurkennda kjarnaefnifjárliði sem mæta eiga kröfu um lágmarksfjármagn. Sjóvá er ekki útsett fyrir mikilli eiginfjárahættu.

## D Mat á gjaldþolsstöðu

### D.1 EIGNIR

Sjóvá samstæðan styðst að mestu við markaðsverð eða mat utanaðkomandi aðila á fjárfestingum en þar sem mat félagsins viku verulega frá mati umsjónaraðila fjárfestinganna eða langt er um liðið síðan armslengdarviðskipti áttu sér stað, styðst félagið við markaðsverð sambærilegra fjárfestinga sem skráð er í kauphöll. Matið er unnið af eignastýringu félagsins og sent fjárfestinganefnd og endurskoðunarnefnd til umfjöllunar og samþykktar.

EIGNIR	Solvency II	IFRS	Mismunur
<b>Óefnislegar eignir</b>	0	1	-1
<b>Viðskiptavild</b>	0	244	-244
<b>Rekstrarfjármunir</b>	493	493	0
<b>Skatteign</b>	3	3	0
<b>Fjárfestingar</b>	43.785	43.783	2
Ríkisskuldabréf	11.821	11.839	-18
Fyrirtækjaskuldabréf	1.344	2.001	-656
Skráð hlutabréf	13.888	12.490	1.398
Óskráð hlutabréf	13.225	14.243	-1.018
Sjóðir	3.490	3.211	279
Handbært fé	1.160	1.160	0
Aðrar fjárfestingar	18	0	
Hlutdeildarsjóðir með ábyrgð líftryggingataka	5.303	5.305	-2
Endurtryggingaeignir	1.269	1.269	0
Viðskiptakröfur og aðrar kröfur	6.728	6.728	0
Leigueign	276	276	0
Eigin bréf	250	0	250
<b>SAMTALS</b>	<b>59.267</b>	<b>59.261</b>	<b>6</b>
<b>SKULDIR</b>			
<b>Vátryggingaskuld</b>	29.056	29.867	-810
<b>Hlutdeildarsjóðir með ábyrgð líftryggingataka</b>	5.303	5.305	-2
<b>Leiguskuld</b>	289	289	0
<b>Skattur til greiðslur</b>	162	0	162
<b>Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir</b>	2.437	2.437	0
<b>SAMTALS</b>	<b>37.247</b>	<b>37.898</b>	<b>-651</b>
<b>EIGNIR UMFRAM SKULDIR</b>	<b>22.020</b>	<b>21.364</b>	<b>656</b>

Mynd 23 - Efnahagsreikningur 31.12.2020

Mismunur eigna og skulda:

#### EIGNIR:

**Óefnislegar eignir:** Hér er um að ræða hugbúnað, bókfært verð hans í árslok 2020 er 2,2 m.kr en afskriftir á árinu námu kr. 1,2 m.kr. Óefnislegar eignir teljast alla jafna ekki til eigna í Solvency II.

**Viðskiptavild:** Viðskiptavild samstæðunnar er vegna kaupa á líftryggingarekstri hennar. Viðskiptavild telst ekki til eigna í Solvency II.

**Fjárfestingar:** Virði eigna í fjárfestingum er í heildina það sama í IFRS og Solvency II fyrir utan lítilsháttar gengismun sem orsakast af mismunandi gengisskráningum milli vörsluaðila. Fyrir Solvency II er notast við vegið meðaltalsgengi fjárfestinga. Innbyrðis flokkun eigna getur þó verið mismunandi sem útskýrir að langstærstum hluta mismuninn á milli einstakra fjárfestingaflokka.

**Eigin hlutabréf** koma fram í eignahlið efnahagsreiknings í Solvency II en teljast þó ekki með í gjaldþoli.

#### SKULDIR:

**Vátryggingaskuld:** Munur á vátryggingaskuld liggur í iðgjaldaskuld en hún er önnur í Solvency II. Þar er um að ræða vænt greiðsluflæði skuldbindinga vegna þeirra iðgjalda sem félagið hefur samþykkt og skuldbundið sig vegna og áætlaður hagnaður þeirra. IFRS iðgjaldaskuld reiknast sem sá hluti bókfærða iðgjalda á árinu sem tilheyrir vátryggingatímabili á næsta ári.


**Skattur til greiðslu:** Vegna þess hvernig iðgjaldaskuld er reiknuð í Solvency II þar sem framtíðarhagnaður reiknast til lækkunar á iðgjaldaskuld reiknast einnig skattur á ætlaðan hagnað og er færður sem skattskuldbinding í efnahagsreikningi Solvency II

Ekki stendur til að breyta matsaðferðum á eignum.

## D.2 VÁTRYGGINGASKULD

Vátryggingaskuld samanstendur af tjónaskuld, iðgjaldaskuld og ágóðaskuld. Samkvæmt reglum Solvency II skal núvirða vátryggingaskuldina og styðjast við vaxtaferil sem gefinn er út af EIOPA (European Insurance and Occupational Pensions Authority). Tjónaskuldin er stærstur hluti vátryggingaskuldarinnar og ber að reikna hana þannig að hún skuli vera nægileg að meðaltali (e. Best Estimate) til að standa undir tjónum þeim sem tilheyra liðnu tímabili. Aðferðin byggir á því að meta vænt gildi eða meðaltal (líkindafræðilegt vegið meðaltal) á núvirtu greiðsluflæði fyrir núverandi skuldbindingar, dreift yfir uppgjörstímabil samningsins. Auk besta mats er reiknað áhættuálag sem er sú fjárhæð sem ásamt besta mati er ætlað að tryggja að vátryggingaskuld samsvari þeirri fjárhæð sem gera má ráð fyrir að önnur vátryggingafélög áskilji við að taka að sér og standa við þær skuldbindingar sem vátryggingaskuld er ætlað að mæta. Áhættuálag er skilgreint sem sá fjármagnskostnaður við að leggja til eigið fé til jafns við þá gjaldþolskröfu sem nauðsynleg er til að standa undir vátryggingaskuldbindingum á uppgjörstíma þeirra. Í árslok var það 1.007 m.kr. og er hluti af tjónaskuld. Þá skal áætla uppgjörskostnað sem ákveðið álag á skuldina en það er sá kostnaður sem þarf til að gera upp þau tjón sem áætlað er fyrir í tjónaskuldinni.

Vátryggingaskuld Sjóváar í árslok 2020 er 29.056 m.kr. (29.867 m.kr. skv. IFRS) og 26.681 m.kr. (27.599 m.kr. skv. IFRS) m.kr. í árslok 2019. Skipting kemur fram í eftirfarandi töflu:



Mynd 24 - Vátryggingaskuld 2020 og 2019

Vöxtur í vátryggingaskuld er í samræmi við vöxt iðgjalda. Í iðgjaldaskuld IFRS er sá hluti iðgjalda færður sem búið er að bókfæra en iðgjöldin gilda fyrir vátryggingatímabil sem ekki er hafið á uppgjörstegi. Iðgjaldaskuld í Solvency II er besta mat áætlaðs greiðslufæðis vegna þeirra skuldbindinga sem félagið hefur gert við vátryggingataka um áramót fyrir þann tíma sem ekki er hafið á uppgjörstegi og núvirði þess reiknað. Stuðst er við áætlað samsett hlutfall eftir greinaflokkum. Munur á milli uppgjörstega kemur fram í töflu hér að neðan.

Iðgjaldaskuld Solvency II er metin með eftirfarandi einföldun:

$$BE = CR \cdot VM + (CR - 1) \cdot PVFP + AER \cdot PVFP$$

- CR (e. combined ratio) stendur fyrir vænt samsett hlutfall. Notast er við samsett hlutfall úr áætlunum stjórnar.
- VM (e. volume measure) stendur fyrir iðgjaldaskuld IFRS (e. unearned premium reserve).
- PVFP (e. present value of future premium) framtíðariðgjöld. Framtíðariðgjöldin eru nálguð með bókfærðum iðgjöldum tvo mánuði fram í tímann. Framtíðariðgjöldin eru núvirt með greiðsluferli tjónaskuldar.
- AER (e. acquisition expense ratio) sölu og yfirtökukostnaður. Er settur sem 0 þar sem kostnaðurinn er innifalinn í samsetta hlutfallinu.

Sjá nánari útlitun á útreikningi í leiðbeiningum EIOPA: Guidelines on the valuation of technical provisions.

Væntur hagnaður innifalin í framtíðariðgjöldum (e. expected profit in future premium) er metinn með  $(CR - 1) \cdot PVFP$ .

Aðferðin gefur mismunandi útkomu eftir greinaflokkum. Fer það eftir væntu samsettu hlutfalli eins og það er í samþykktari áætlun félagsins. Hlutfallslega er það hæst í greinaflokkum Sjóvá-líf en þar er samsett hlutfall lægra en þekktist í skaðatryggingafélaginu. Mismunur kemur fram í eftirfarandi töflum (m.kr.)

Greinaflokkur	Solvency II	IFRS	Mismunur
Alm slysa- og sjúkratr	265	360	-95
Atvinnuslysatr	136	88	47
Ábyrgðartr	320	321	-2
Eignatr	1.443	1.576	-133
Frjálsar ökuttr	1.282	1.455	-172
Greiðslu- og efndatr	1	3	-1
Lögb ökutækjatr	3.396	3.325	71
Sjó-, flug og farmtr	30	71	-41
Sjúkrakostnaðartr	5	6	-1
Heilsutr (líf)	369	585	-216
Líftr	211	479	-268
<b>Samtals</b>	<b>7.458</b>	<b>8.268</b>	<b>-810</b>


Mynd 25 – Samanburður á iðgjaldaskuld Solvency II og iðgjaldaskuld IFRS

Ágóðahlutdeild er sá hluti iðgjalda sem áætlað er að muni greiðast til baka til tjónlausra viðskiptavina en það er hluti af vildarkerfi Sjóvár.

Við útreikning á tjónaskuld er safninu skipt í einsleita áhættuflokka sem eru samkvæmt Solvency II flokkun sem FÍT (Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga) gaf út og er tjónaskuld reiknuð fyrir hvern flokk fyrir sig. Tjónaskuld helstu flokkanna og áhættuálags í árslok 2019 og 2020 sjást í töflu hér að neðan:

Greinaflokkur	Tjónaskuld	Áhættuálag	Samtals
Eignatr	1.860	64	1.923
Sjó-, flug og farmtr	200	7	207
Lögb ökutækjatr	10.427	520	10.947
Frjálsar ökuttr	448	23	471
Ábyrgðartr	2.996	151	3.147
Greiðslu- og efndatr	0	0	0
Alm slysa- og sjúkratr	1.108	56	1.164
Atvinnuslysatr	2.281	115	2.396
Sjúkrakostnaðartr	13	1	14
Erlendar endurtr.	66	3	70
Líftr	235	28	263
Heilsutr (líf)	482	40	522
<b>Samtals</b>	<b>20.116</b>	<b>1.007</b>	<b>21.123</b>

Mynd 26 – Tjónaskuld og áhættuálag eftir greinaflokkum m.v. 31.12.2020




Mynd 27 - Tjónaskuld í m.kr. 31.12.2020 og 31.12.2019



Tjónaskuldin hefur hækkað á milli ára í flestum greinaflokkum en langmesta hækkunin er í stærsta greinaflokknum, lögboðnum ökutækjatrýggingum. Mikil stækkun greinaflokksins undanfarin ár endurspeglast í aukinni tjónaskuld en töluverðan tíma getur tekið að gera upp slysatjón ökutækjatrýgginga. Tjónaskuldin er núvirt og hefur lækkun vaxta á árinu leitt til hækkunar tjónaskuldar tjóna eldri ára.


Helsta óvissa í tjónaskuld er að einstök tjón þróist öðru vísi en fyrri útreikningar gerðu ráð fyrir. Þá getur alltaf verið ákveðin óvissa í áætlun stærri einstakra tjóna sem áhrif hefur á þróun tjónaskuldarinnar. Þá er áætluð verðbólga í væntu greiðsluflæði sem getur þróast öðruvísi en áætlað var sem og breytingar á vöxtum. Óvissan er þó einna mest í nýjstu tjónstímabilunum sem geta þróast á annan máta en þau ár sem liggja til grundvallar útreikningum og spár um niðurstöður byggja á. Þá er enn töluvert um orðin en ótilkynnt tjón sem geta þróast öðruvísi en sett er í áætlun.



Mynd 28 – Helstu breytingar á tjónaskuld félagsins eftir greinaflokkum

Tjónaskuld í reikningsskilum er sú sama og stuðst er við í gjaldþolsútreikningum. Ekki er stuðst við aðlögun vegna óstöðugleika (e. volatility adjustment).

Hluti endurtryggjenda í tjónaskuld hefur lækkað á milli ára og munar þar mestu um lækkun tjónaskuldar í eignatryggingum. Þar urðu stór brunatjón á árinu 2018 sem að hluta til eru greidd af endurtryggjendum félagsins og uppgjör þeirra tjóna hafa verið í vinnslu á árinu 2019 og 2020. Hluti endurtryggjenda í tjónaskuld sést á mynd 29.



Mynd 29 - Hluti endurtryggjenda í tjónaskuld í 31.12.2020 og 31.12.2019

### D.3 AÐRAR SKULDIR

Ekki er um að ræða aðrar skuldir en váttryggingaskuld þar sem gert er sérstakt mat í gjaldþolsstöðu. Virði annarra skulda er það sama og í efnahagsreikningi.

### D.4 AÐRAR MATSAÐFERÐIR

Ekki er notast við aðrar matsaðferðir við mat á gjaldþoli en notað er í reikningsskilum og er því ekki um neinn mismun að ræða.

### D.5 AÐRAR UPPLÝSINGAR

Ekki um aðrar veigamiklar upplýsingar að ræða við mat á eignum og skuldum vegna gjaldþolsstöðu en fram hafa komið í köflum D.1-D.4.

## E Eiginfjárstýring

### E.1 GJALDPÓL

Markmið eiginfjárstýringar er að tryggja að ávallt séu nægjanlegar eignir til að mæta gjaldþolskröfu með ásættanlegu öryggisálagi. Gjaldþolskrafa er reiknuð í það minnsta ársfjórðungslega og hafa stjórnir félaganna sett sér áhættuvilja um gjaldþolshlutfall sem stýrt er eftir. Í það minnsta árlega er eigið áhættu- og gjaldþolsmat (ORSA) framkvæmt samhliða því að rekstraráætlun er unnin og sýn til þriggja ára sett fram.

Lágmarksfjármagn(MCR) er sú fjárhæð sem félagi ber að eiga umfram skuldbindingar að lágmarki til að öðlast starfsleyfi. Almenna krafan er að eign umfram skuldbindingar samkvæmt Solvency II, þ.e. gjaldþol, skuli alla jafna vera að lágmarki reiknuð gjaldþolskrafa og er sú fjárhæð töluvert hærri en lágmarksfjármagnið. Hlutfall gjaldþols og gjaldþolskröfu er 1,67 m.v. 31.12.2020 eftir áætlaða arðgreiðslu og því í efri mörkum áhættuvilja félagsins sem skilgreindur er 1,4 til 1,7.

Stjórn Sjóvár og fjárfestinganefnd hafa eftirlit með að unnið sé samkvæmt samþykktri fjárfestingastefnu. Stjórn Sjóvár lífs hefur eftirlit með að unnið sé samkvæmt samþykktri fjárfestingastefnu þess félags. Tryggingastærðfræðingur sér um útreikning á gjaldþolskröfu og er áhættustjóri ábyrgur fyrir því að stjórn sé upplýst um frávík frá fjárfestingastefnu og niðurstöður útreikninga.

Allir gjaldþolsliðir sem mæta eiga gjaldþolskröfu flokkast í eiginfjárbátt 1. Á það einnig við um aðra viðurkennda kjarnaefnifjárliði sem mæta eiga kröfu um lágmarksfjármagn. Eina undantekning þar á er í þeim tilfellum sem um skatteign er að ræða en hún fellur ekki undir eiginfjárbátt 1. Fjárhæð skatteignar er alla jafna óveruleg.


Félagið hefur heimild til að gefa út víkjandi skuldabréf fyrir allt að 1.000 m.kr. og ef af verður mun allt að 1.000 m.kr. flokkast undir eiginfjárbátt 2 (Tier 2).

Eigið fé	Eigið fé samtals	Eiginfjár- þáttur 1	Eiginfjár- þáttur 1 - bundið	Eiginfjár- þáttur 2	Eiginfjár- þáttur 3
<b>Hlutfé</b>	1.334	1.334	-	-	-
<b>Yfirverðsreikningur hlutfjár</b>	6.111	6.111	-	-	-
<b>Óráðstafað eigið fé</b>	11.675	11.675	-	-	-
<b>Víkjandi skuldabréf</b>	-	-	-	-	-
<b>Gjaldþol til móts við gjaldþolskröfu, SCR</b>	<b>19.120</b>	<b>19.120</b>	-	-	-
<b>Gjaldþol til móts við lágmarksgjaldþolskröfu, MCR</b>	<b>19.120</b>	<b>19.120</b>	-	-	-
<b>Fyrirhuguð arðgreiðsla</b>	2.650	2.650	-	-	-
<b>Gjaldþol</b>	21.770	21.770	-	-	-
<b>Eigin bréf</b>	250	250	-	-	-
<b>Eignir umfram skuldir SII</b>	<b>22.020</b>	<b>22.020</b>	-	-	-


Mynd 30 – Niðurbrot og flokkun eigin fjár m.v. árslok 2020

Ofangreind tafla sýnir skiptingu eigin fjár félagsins í flokka og upphæðir. Eins og sést í töflunni flokkast allir gjaldpóslíðir í eiginfjárbátt 1 m.v. árslok 2020 og hefur því engin breyting átt sér stað á árinu.

Gjaldþolskrafa félagsins hækkaði á árinu í samræmi við auknar eignir og stækkandi váttryggingastofn. Þeir þættir sem höfðu áhrif á gjaldþolskröfunu koma fram á eftirfarandi mynd:




Mynd 31 – Þróun gjaldþolskröfu (í m.kr.) milli ársloka 2019 og 2020




**Mynd 32 – Þróun gjaldþolskröfu (í m.kr.) milli ársloka 2019 og 2020**

Gjaldþol félagsins er mun sterkara í árslok 2020 eða kr. 21.770 m.kr (fyrir áætlaða arðgreiðslu) í samanburði við 16.783 m.kr í árslok 2019 og má sjá í eftirfarandi mynd hvaða þættir höfðu áhrif á gjaldþolið. Mestu munar um hagnað félagsins á árinu 2020 á sama tíma og fallið var frá arðgreiðslu á árinu 2020 vegna 2019. Ákvörðun um að greiða ekki arð var vegna mikillar óvissu í þjóðfélaginu vegna Covid-19. Gjaldþolið lækkaði lítillega vegna minni munar á milli ára á iðgjaldaskuld SII og IFRS í samanburði við 2020.



**Mynd 33 - Þróun gjaldþols (í m.kr.) milli ársloka 2019 og 2020**

Munur er á gjaldþoli félagsins og eigin fé samkvæmt IFRS og koma þeir liðir fram í eftirfarandi mynd:



Mynd 34 – Þróun gjaldþolskröfu (í m.kr.) milli ársloka 2019 og 2020

Á myndinni sést að eigin bréf teljast með í efnahagsreikningi Solvency II en í gjaldþoli er ekki tekið tillit til þeirra. Viðskiptavild og óefnislegar eignir teljast með á efnahagsreikningi IFRS en ekki á efnahagsreikningi SII. Mesti munurinn er, eins og fram hefur komið, mismunur á iðgjaldaskuld félagsins þar sem iðgjaldskuld SII er önnur en í IFRS og því getur hún bæði komið til hækkunar og lækkunar á eigin fé. Ef iðgjaldaskuld SII er lægri en iðgjaldaskuld IFRS er reiknað með framtíðarhagnaði og reiknast þá skattur til greiðslu vegna þess hagnaðar og hefur verið tekið tillit til þess á myndinni.

Engar fjárhæðir gjaldþols falla undir bráðabirgðaákvæði laga nr. 100/2016, um váttryggingastarfsemi né er um stuðningsgjaldþolsliði að ræða.

Stjórn Sjóvár hefur sett félaginu arðgreiðslustefnu þar sem fram kemur að stefnt skuli að því að árlegar arðgreiðslur til hluthafa nemi að lágmarki 50% af hagnaði hvers árs eftir skatta. Forsendur arðgreiðslu eru að félagið haldist fjárhagslega sterkt m.a. með tilliti til gjaldþols. Þá er félaginu heimilt að kaupa eigin bréf samhliða arðgreiðslu, ef hluthafafundur metur það hagstætt. Við slíkt mat er mið tekið af markaðsaðstæðum, mati á afkomu og eiginfjárstöðu hverju sinni. Tilgangur kaupa félagsins á eigin hlutum er að lækka hlutafé félagsins. Á aðalfundi Sjóvár þann 12. mars 2020 var ákveðið að fresta ákvörðun um greiðslu arðs fyrir rekstrarárið 2019, eins og kom fram í skýrslu síðasta

árs, vegna þeirrar óvissu sem ríkti vegna COVID-19. Á hluthafafundi sem haldinn var 25. nóvember sl. var svo ákveðið að ekki yrði greiddur út arður á árinu 2020 vegna rekstrarársins 2019. Á aðalfundi þann 12. mars 2021 var samþykkt að greiða út arð vegna rekstrarársins 2020 að fjárhæð 2.650 ma.kr.

Tillaga stjórnar um heimild til kaupa á eigin hlutabréfum með framkvæmd endurkaupaáætlunar var samþykkt á aðalfundi 12.mars 2020 og var virkjuð þann 11. mars 2021.

## E.2 GJALDPOLSKRAFA OG LÁGMARKSFJÁRMAGN

Gjaldpolskrafa Sjóvár var reiknuð m.v. 31. desember 2020. Útreikningur er samkvæmt staðalreglu. Ekki var notast við einfaldanir við útreikningana, einu undantekninguna er að finna í mótaðilaáhættu en þar er notast við einföldun við útreikning á gjaldpolskröfu vegna endurtryggingaeigna félagsins. Mynd 35 sýnir niðurbrot gjaldpolskröfu og þær breytingar sem hafa orðið milli ára.


Stöðudagsetning	31.12.2020	31.12.2019
<b>Gjaldpolskrafa</b>		
<b>Grunngjaldpolskrafa</b>	12.041	10.538
<b>Rekstraráhætta</b>	794	730
<b>Leiðrétting vegna skattfrestunar</b>	-1.412	-1.239
<b>Gjaldpolskrafa, SCR</b>	11.424	10.029
<b>Lágmarksfjármagn (MCR)</b>	4.345	4.117
<b>Grunngjaldpolskrafa</b>		
<b>Markaðsáhætta</b>	7.655	6.310
<b>Heilsutryggingaáhætta</b>	1.670	1.374
<b>Mótaðilaáhætta</b>	1.091	996
<b>Líftryggingaáhætta</b>	570	496
<b>Skaðatryggingaáhætta</b>	6.125	5.805
<b>Fjölþættingaráhrif</b>	-5.070	-4.443
<b>Grunngjaldpolskrafa, BSCR</b>	12.041	10.538

Mynd 35 - Þróun SCR gjaldpolskröfu (í m.kr.) milli ársloka 2019 og 2020

Gjaldpolskrafa SCR hækkar um 14% á milli ára og skýrist að langmestu leyti af hækkun á markaðsáhættu eins og kemur fram í mynd hér að framan. Hlutfallslega hækkar markaðsáhættan um 21% og er til komin vegna vaxtar í eignasafni og telur hækkun hlutabréfa þar mest. Eins er hluti af hækkun hlutabréfaáhættu markaðsáhættunnar til kominn vegna þróunar samhverfs aðlögunarstuðuls EIOPA. Stuðullinn dempar hlutabréfaáfall í kjölfar lækkunar hlutabréfa en eykur áfallið ef hlutabréf hafa hækkað mikið.

Heilsutryggingaáhættan hækkar um 21% og er til komin vegna stækkunar stofns og áhrifa þess á hamfaraáættu.

Sjóvá reiknar gjaldpolskröfu og lágmarksfjármagn eftir staðalreglu og hafa ekki orðið umtalsverðar breytingar á gjaldpolskröfu og lágmarksfjármagni á árinu 2020. Ekki er stuðst við eigin stika eða eigið líkan í staðalreglu.



Mynd 36 – Niðurbrot lágmarksfjármagns (MCR) niður í Solvency II flokka

Lágmarksfjármagn samkvæmt staðalreglu reiknast m.a. út frá eigin bókfærðum iðgjöldum síðustu 12 mánaða og stöðu eigin tjónaskuldar og skiptist eftir váttryggingaflokkum eins og fram kemur á mynd.

### E.3 NOTKUN Á „DURATION-BASED EQUITY RISK SUB-MODEL“

Á ekki við.

### E.4 MISMUNUR Á NIÐURSTÖÐUM STAÐALREGLU OG EIGIN LÍKANS

Sjóvá og Sjóvá líf reikna gjaldpolskröfu og lágmarksfjármagn eftir staðalreglu og hafa ekki orðið umtalsverðar breytingar á gjaldpolskröfu og lágmarksfjármagni á árinu. Ekki er stuðst við eigin stika í staðalreglu.

### E.5 KRAFA UM LÁGMARKSFJÁRMAGN EKKI UPPFYLLT

Sjóvá og Sjóvá líf uppfylla lágmarksfjármagn MCR og gjaldpolskröfu SCR. Á árinu 2020 var ekki um nein frávik frá kröfu um lágmarksfjármagn (MCR) eða gjaldpolskröfu (SCR).

### E.6 AÐRAR UPPLÝSINGAR

Ekki er um að ræða aðrar upplýsingar varðandi gjaldpól en þær sem fram koma í köflum E.1-E2.